

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Almenn bókmenntafræði**

## **„Karlmannlega“ kvenhetjan**

*Birtingarmynd, einkenni og stefna „sterku“ kvenhetjunnar í  
fantasíu- og vísindaskáldskap*

**Ritgerð til B.A.-prófs í almennri bókmenntafræði**

**Rósa Margrét Tryggvadóttir**

**Kt.: 2903932059**

**Leiðbeinandi: Úlfhildur Dagsdóttir**

**Janúar 2018**

## Ágrip

Í þessari ritgerð verður birtingarmynd „sterku“ kvenhetjunnar í fantasíu- og vísindaskáldskap skoðuð út frá persónuleikakenningum og samfélagslegum gildum um „karlmennsku“ og „kvenleika“. Spurt verður að því hver sé stefna kvenpersóna, sem aðalsöguhetjur (e. protagonist), í fantasíu- og vísindaskáldskap.

Kenning Carl Jung um vitsmunaverkfærin (þ. die Bewusstseinsfunktion) og persónuleikapróf Myers-Briggs verða notuð sem undirstöðuatriði við val á kvenpersónunum sem verða skoðaðar. Allar eru þær innhverfar að skapgerð, leggja áherslu á rökhugsun fremur en tilfinningamat og bera einkenni sem yfirleitt eru tengd hugmyndum um „karlmennsku“ fremur en „kvenleika“.

Lögð verður áhersla á ISTP manngerðina en þær kvenpersónur sem verða teknar til skoðunar eru Jóvin Jómundardóttir úr *Hringadróttins sögu* (1954-1955), Ellen Ripley úr fyrstu þremur *Alien* kvikmyndunum (1979-1997), Sarah Connor úr fyrstu tveimur *Terminator* kvikmyndunum (1984-1991), Katniss Everdeen úr þrjúleik Suzanne Collins um *Hungurleikana* (2008-2010), Tris Prior úr þrjúleik Veronica Roth um *Afbrigði* (2011-2013) og Rey úr kvikmyndinni *Star Wars: The Force Awakens* (2015). Úthverfa og tilfinninganæma kvenhetjan Undrakonan verður skoðuð til samanburðar, bæði upphafleg útgáfa persónunnar úr myndasögum DC sem William Moulton Marston skapaði árið 1941 og ný útgáfa persónunnar í kvikmyndinni *Wonder Woman* frá 2017.

## EFNISYFIRLIT

INNGANGUR .....	4
1. KARLMENNSKA OG KVENLEIKI .....	7
2. PERSÓNULEIKAKENNINGAR .....	12
2.1. ISTP MANNGERÐIN .....	13
2.2. PERSÓNULEIKI SKÁLDSAGNARPERSONA.....	15
3. UNDRAKONAN: ÚTHVERFA OG TILFINNINGANÆMA KVENHETJAN .....	17
4. GREINING: „KARLMANNLEGAR“ KVENHETJUR.....	20
4.1. BÆLDA AMASÓANAN: JÓVIN JÓMUNDARDÓTTIR (FYRIR 1960).....	20
4.2. HASARHETJURNAR: ELLEN RIPLEY OG SARAH CONNOR (1980-1990).....	24
4.3. UPPREISNARSEGGIRNIR: KATNISS EVERDEEN OG TRIS PRIOR (2000-2015).....	27
5. NÝJU KVENHETJURNAR: REY OG NÝJA UNDRAKONAN (2015-).....	34
LOKAORÐ.....	39
HEIMILDASKRÁ.....	40

## Inngangur

Á síðastliðnum árum hefur orðið mikil fjölgun á kvenhetjum í skáldskap. Þessi fjölgun er sérstaklega áberandi í greinum sem lengi hafa verið tengdar við karlmenn, og er þar sérstaklega átt við fantasíu- og vísindaskáldskap. Þessum persónum er gjarnan lýst sem „sterkum“ kvenpersónum og eru lofaðar fyrir að vera virkar, hugrakkar, harðar af sér, sjálfstæðar, ráðagóðar og fyrst og fremst fyrir að reiða sig ekki á karlmenn. „Sterk“ kvenpersóna brýst gegn þeirri staðalímynd sem hefur fylgt kvenpersónum í skáldskap í gegnum tíðina. Hún er ekki kona í neyð sem bíður eftir að karlhetjan bjargi henni frá drekanum heldur er hún hetjan sem kemur til bjargar og berst við drekann. Þess má geta að notkunin á orðinu „sterkur“ sem lýsing á persónu virðist nánast aldrei vera notað um karlpersónur. Þetta vekur upp þá spurningu hvað það sé sem geri fyrrnefndar kvenpersónur „sterkar“.

Rithöfundurinn Sophia Mcdougall fer hörðum orðum um notkun orðsins „sterkur“ yfir kvenpersónur í grein sinni „I hate strong female characters“. Hún bendir á að orðið sé lítillækkandi fyrir konur þar sem það gefi til kynna að hægt sé að lýsa einkennum þeirra með einu orði og sé þannig dæmi um kynjamisrétti í skáldskaparheiminum. Orðið „sterkur“ í þessu samhengi telur Mcdougall einnig lýsa neikvæðum viðhorfum til dæmigerðra „kvenlegra“ einkenna sem oft eru tengd við andstæðuna eða orðið „veikur“. Hún gagnrýnir jafnframt skort á fjölbreytni meðal kvenpersóna í nútíma skáldskap og tilhneigingu rithöfunda til að umkringja kvenpersónur sínar karlpersónum. „Við [rithöfundar] þurfum að losa okkur við þá hugmynd að það sé hægt að leiðrétta kynjamisrétti í skáldskap með því að reiða á staka persónuleikagerð, að það sé nóg skrifa bara eina góða kvenpersónu í hverja sögu.“<sup>1</sup> Rétt eins og Mcdougall bendir á er algengt að „sterk“ kvenpersóna, í nútíma skáldskap, sé eina konan á svæðinu eða skeri sig á einhvern hátt frá öðrum konum í kringum hana. Hún er einstök og samsamar sig oft frekar með karlmönnum en konum. Ein algengasta gagnrýni sem kvenhetjur af þessu tagi verða fyrir er sú að þær séu ekki „raunverulegar“ konur heldur karlmenn klæddir í kvenfatnað. Fræðimaðurinn Jeffrey Brown talar um þetta í bók sinni *Dangerous Curves* (2011). Þar vitnar hann m.a. í kvikmyndafræðinginn Jeanine Basinger þar sem hún fullyrðir að það

---

<sup>1</sup> Sophia McDougall, „I hate Strong Female Characters“, *New Statesman*, 15. ágúst 2013, <https://www.newstatesman.com/culture/2013/08/i-hate-strong-female-characters>. (Þýð. höf.).

að gefa konum hefðbundin karlmannshlutverk í kvikmyndum, án þess að breyta sálfræðilegum einkennum þeirra, sé ekki annað en klæðskipti (e. cross-dressing).<sup>2</sup>

Í greininni „Are Male Characters more Likeable than Female Characters“, sem kom út árið 2010, talar rithöfundurinn, Shana Mlawsky, um „óvísindalega“ tölfræðirannsókn sem hún gerði á einkennum vinsælla skáldsagnarpersóna. Í rannsókninni notaði Mlawsky lista tímaritsins *Entertainment Weekly* yfir 100 vinsælustu skáldsagnapersónur síðustu 20 ára og skoðaði einkenni persónanna út frá kyni þeirra. Hún komst að þeirri niðurstöðu að vinsælar karlpersónur væru mun fjölbreyttari en vinsælar kvenpersónur. Kvenpersónurnar voru langflestar annað hvort „harðar“ (e. „badass“) kvenhetjur eða beinlínis illmennir. Eins áttu þær það nánast allar sameiginlegt að vera það sem Mlawsky kallaði „gerendur“ (e. „doers“) á meðan vinsælu karlpersónurnar voru með mun fjölbreyttari persónuleika.<sup>3</sup> Karlarnir gátu verið aulalegir, grínistar, draumóramenn, ljúfmenni og hörkutól og allt þar á milli og sýndu þannig dæmi um fjölbreytileika mannsins. Mlawsky velti því í kjölfarið fyrir sér hver ástæðan fyrir þessum mismun væri og hvort fólk væri einfaldlega orðið skilyrt af samfélaginu til að kunna betur við kvenpersónur sem hegðuðu sér á „karlmannlegan“ hátt, væru t.d. virkar og fljótar að grípa til ofbeldis.

Út frá kenningu Jung um vitsmunaverkfærin (þ. die Bewusstseinsfunktion)<sup>4</sup> og persónuleikakenningu mæðgnanna Isabell Briggs Myers og Katherine Cook Briggs er hægt að greina fólk sem ákveðnar manngerðir með því að meta vissa eiginleika hjá þeim. Jung talaði um það í kenningu sinni að karlmenn væru líklegri til að greinast sem hugsuðir og konur væru líklegri til að greinast sem tilfinningaverur.<sup>5</sup> Rannsóknir á persónuleikum fólks hafa stutt kenningu Jung að vissu leyti því að konur greinast oftar sem tilfinningaverur og karlmenn oftar sem hugsuðir.<sup>6</sup>

---

<sup>2</sup> Jeffrey A. Brown, *Dangerous Curves: Action Heroines, Gender, Fetishism, and Popular Culture* (Jackson: University Press of Mississippi, 2011), Kindle, 21.

<sup>3</sup> Shana Mlawski, „Are Male Characters More Likable Than Female Characters?“, *Overthinking It*, 28. júní 2010, <https://www.overthinkingit.com/2010/06/28/are-male-characters-more-likable-than-female-characters/>.

<sup>4</sup> (Þýð. höf.).

<sup>5</sup> C. G. Jung, *The Collected Works of C.G. Jung: Complete Digital Edition*, ritstj. Gerard Adler og R. F. C. Hull, b. 6 (Princeton University Press, 2014), Kindle, málsgr. 597 og 640.

<sup>6</sup> „Myers Briggs Statistics“, Statistic Brain Institute, 24. september 2017, <https://www.statisticbrain.com/myers-briggs-statistics/>.

Á síðastliðnum árum hefur myndast hefð fyrir því á netmiðlum að greina vinsælar skáldsagnarpersónur út frá fyrrnefndum persónuleikakenningum. Þegar slíkar greiningar eru skoðaðar kemur í ljós að vinsælustu kvenpersónur í nútíma skáldskap, sérstaklega í karlmiðuðum greinum eins og fantasíu- og vísindaskáldskap, virðast ekki fylgja sömu lögmálum og persónuleikarannsóknir á raunverulegu fólki gefa til kynna heldur greinast þær mun oftast sem hugsuðir en tilfinningaverur. Þar að auki virðast áberandi margar þeirra passa við staðalímynd hinnar svokölluðu ISTP manngerðar eða annarra skyldra innhverfra og rökhugsandi manngerða. ISTP manngerðin einkennist helst af rökhugsun, innhverfu, sjálfstæði og framkvæmdarhyggju og er ákaflega sjaldgæf greining meðal kvenna í raunveruleikanum. Hér á eftir verða nokkrar slíkar innhverfar og rökhugsandi kvenhetjur, úr meginstraums fantasíu- og vísindaskáldskap, skoðaðar út frá einkennum þeirra og hegðun.<sup>7</sup>

Hvað einkennir þessar vinsælu kvenhetjur í fantasíu- og vísindaskáldskap og segja þau einkenni okkur eitthvað um stefnu kvenpersónunnar sem aðalsöguhetju í karllægum greinum?

---

<sup>7</sup> Persónugreining kvenpersónanna, sem hér verður fjallað um, byggir bæði á greiningu höfundar ásamt greiningum annarra áhugamanna um persónugreiningar skáldsagnarpersóna sem vísað verður til.

## 1. Karlmennska og kvenleiki

Á sama tíma og „sterkum“ kvenpersónum fjölgar eru kvenpersónur sífelld að verða algengari sem aðalsöguhetjur (e. Protagonist) í vinsælum bókmenntum og kvikmyndum. Þó að aðeins 29% aðalsöguhetja í kvikmyndum frá árinu 2016 hafi verið konur, fer þessi tala sífelld hækkandi.<sup>8</sup> Ef litið er á kvikmynda- og bókmenntasöguna, sérstaklega þær greinar sem tengdar eru við karlmennsku, eins og fantasíu- og vísindaskáldskap, er auðséð að aðalsöguhetjan hefur, í gegnum tíðina, oftast verið karlkyns. En hvað er „karlmennska“ og hvað er „kvenleiki“?

Árið 1984 setti félagssálfræðingurinn Robert Brannon upp svokallaðan „karlmennsku-skala“ út frá rannsóknum sínum á ríkjandi karlmennskukröfum. Skalinn gengur undir nafninu *The Brannon Masculinity Scale* og byggist á 110 spurningum sem eiga að gefa til kynna hversu sammála tiltekinn einstaklingur er hugmyndum um meintar karlmannlegar venjur og einkenni. Samkvæmt Brannon er hægt að skipta reglum um ríkjandi karlmennskukröfur í fjóra þætti sem koma fram í bókinni *Guyland* eftir Michael Kimmel frá árinu 2008. Þættirnir eru eftirfarandi:

1. „Ekki vera smástelpa!“ (e. „No sissy stuff!“). Hér er áhersla lögð á að karlmennskan sé vægðarlaus afneitun á öllu sem telst vera kvenlegt. Karlmaður má þannig aldrei sýna merki um að vera veiklunda, „stelpulegur“ eða „hommalegur“.
2. „Vertu stórlax“ (e. „Be a Big Wheel“). Þessi þáttur gefur til kynna að karlmennskan sé fyrst og fremst skilgreind af velgengni og völdum og að mælieiningar karlmenskunnar séu efnahagur, völd og samfélagsstaða.
3. „Vertu Klettur“ (e. „Be a Sturdy Oak“). Hér er áhersla lögð á að karlmaður verði að vera áreiðanlegur undir álagi og halda ró sinni. Hann á að vera stoð og stytta fyrir aðra og á ekki að sína tilfinningar.
4. „Taktu þá í karphúsið“ (e. „Give 'em Hell“). Samkvæmt þessum þætti verður karlmaður alltaf að vera tilbúinn til að taka áhættur og má ekki sýna merki um veikleika eða hræðslu. Karlmaður skal hafa yfirbragð dirfsku og vera ávallt viðbúinn því að grípa til ofbeldis.<sup>9</sup>

Í greininni „Skaðleg karlmennska?“ (2011) eftir Ástu Jóhannsdóttur og Kristínu Önnu Hjálmarsdóttur, sem fjallar um greiningu á bókinni *Mannasiðir Gillz*, er að finna

---

<sup>8</sup> Stephanie Goodman, „More Women Were Protagonists in 2016 Movies“, *Movies*, *The New York Times*, 21. febrúar 2017, <https://www.nytimes.com/2017/02/21/movies/women-protagonists-movies-2016.html>.

<sup>9</sup> Michael S. Kimmel, *Guyland: The Perilous World Where Boys Become Men*, (New York: HarperCollins-books, 2008), Kindle, 45-46. (Þýð. höf.).

áhugaverða umræðu um karlmennsku og kvenleika. Þar kemur fram að hugtökin eigi rætur að rekja til eðlishyggju og eru yfirleitt sett fram sem andstæðupar. Oft eru hugtökin því notuð í merkingunni: „[Þ]að sem gerir karla að körlum og konur að konum.“<sup>10</sup> Í greininni kemur fram að ákveðin þrástef, þ.e. endurteknar staðhæfingar sem festa viðhorf í sessi með endurtekningu, birtist hvað eftir annað í orðræðu um kvenleika og karlmennsku. Karlmennskan er þannig tengd við „líkamlegan styrk, íhygli, sjálfsaga, rökvísi, hlutlægni og samkeppni“, og kvenleikinn í andstæðunum: „litlum líkamsburði, tjáningu, tilfinningum og umhyggju.“<sup>11</sup>

Heimspekingurinn og femínistinn Simone de Beauvoir var mjög andvíg slíkri eðlishyggju og var mikill frumkvöðull í að ryðja burt hugmyndinni um eðli kynjanna. Í bók sinni *Hitt kynið* (f. *Le deuxième sex*), sem kom út árið 1949, fjallaði hún um sögu konunnar og færði rök fyrir því að hin meintu einkenni konunnar eða „kvenleiki“ hennar væri félagslega og menningarlega mótaður. Í inngangi *Hins kynsins* vitnar Beauvoir í kenningar líf- og félagsvísinda sem gefi til kynna að eiginleikar verði til sem viðbrögð við aðstæðum og hafna því að til séu eindir sem skilyrða gefna eiginleika kynja eða kynþátta.<sup>12</sup> Þar af leiðandi geti kvenleikinn, sem eðlislægt einkenni konunnar, ekki verið til. Beauvoir bendir þó á að það að afneita tilvist kvenleikans sé ekki það sama og að afneita því að konur séu til. „[S]lík neitun leiðir ekki til frelsunar fyrir viðkomandi, hún er ekkert annað en óheiðarlegur flótti frá raunveruleikanum.“<sup>13</sup>

Simone De Beauvoir var þó ekki fyrst til að fjalla um þetta því tveimur áratugum fyrr, árið 1929, komst sálgreinandinn Joan Riviere að svipaðri niðurstöðu í grein sinni um kvenleikann sem grímuleik eða „Womanliness as Masquerade.“ Þar fjallaði Riviere um konur sem þóttu á einhvern hátt „karlmannlegar“ í samtíma hennar. Þær voru t.d. vel menntaðar, rökhugsandi, gekk vel á vinnumarkaði eða voru hæfileikaríkar í störfum sem talin voru „karlmannsstörf“. Að hennar sögn áttu slíkar konur það til að fela karlmannleg einkenni sín á bak við kvenleg einkenni og setja þannig upp eins konar „kvenlegt leikrit“.

---

<sup>10</sup> Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, „Skaðleg karlmennska? Greining á bókinni Mannasiðir Gillz“, *Netla - vef tímarit um uppeldi og menntun*, 15. september 2011, 4, <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/005/005.pdf>.

<sup>11</sup> Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 4.

<sup>12</sup> Simone de Beauvoir, „Hitt kynið - Inngangur“, í *Simone de Beauvoir, heimspekingur, rithöfundur, femínisti*, ritstj. Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, þýð. Torfí H. Tulinius (Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum, Háskólaútgáfan, 1999), 25.

<sup>13</sup> Simone de Beauvoir, 26.



Þetta gerðu þær til að gera karlmönnum til geðs og til að komast hjá „refsingu“ þeirra fyrir meintan stuld á karlmennskunni, eins og „þjófur sem sýnir tóma vasa sína og biður um að leitað sé á honum til að sanna að hann sé ekki með stolið þýfi á sér.“<sup>14</sup> Konurnar gerðu þetta með því t.d. að daðra við karlana, klæðast kvenlegum fatnaði eða með því beinlínis að gera lítið úr gáfum sínum.<sup>15</sup>

Í bók sinni *Gender Trouble* sem kom út árið 1990 gengur fræðikonan Judith Butler enn lengra í að ryðja burt eðlishyggjunnar en þar vitnar hún bæði í kenningar Beauvoir og Riviere. Butler færði rök fyrir því að kyngervið sjálf (e. gender) væri ekkert annað en hugtakatilbúningur og að það sem teljist vera kvenleg eða karlmannleg hegðun væri lærd hegðun eða hlutverkaleikur. „Það er engin kynvitund á bakvið kynjaða hegðun; sjálfsvitundin verður til við hlutverkaleik sem byggir á þeirri „hegðun“ sem er sögð vera afleiðing hennar.“<sup>16</sup> Með öðrum orðum hélt hún því fram að kyngervi væri aðeins afleiðing gjörða okkar, hugtakatilbúningur sem við viðhöldum með tjáningu og hegðun.

Í ritgerð Butler, frá 1988, „Performative Acts and Gender Constitution“, talar hún um að kyngervi sé í sjálfu sér tilkomið af menningarlegri þörf til að lifa af. Framkvæmd kyngervisins (e. gender performance) er því eins konar hernaðarbragð (e. strategy) til þess að lifa af.<sup>17</sup> Í annarri bók Butler, *Undoing Gender* (2004), varar hún enn fremur við tilhneigingunni til að skilgreina kyngervi út frá „hinu kvenlega“ og „hinu karlmannlega“.<sup>18</sup> Slík orð verða þó notuð í þessari ritgerð til að lýsa hegðun og einkennum persóna en aðeins í þeirri merkingu sem felst í ríkjandi viðhorfum samfélagsins um það sem telst vera „karlmannlegt“ eða „kvenlegt“.

Vinsælar kvenhetjur sem hafa fengið nafngiftina „sterkar kvenpersónur“ virðast margar bera einkenni sem samfélagið lítur almennt á sem „karlmannleg“ frekar en „kvenleg“. Ástæður fyrir tilhneingingu rithöfunda og handritshöfunda til að skapa slíkar persónur eru yfirleitt taldar markaðslegar en áhugi karlanna á þeim er oft talinn mesti áhrifavaldurinn. Kvikmyndaframleiðandinn Mike White talaði um þetta vandamál í

---

<sup>14</sup> Joan Riviere, „Womanliness as Masquerade“, í *The Inner World and Joan Riviere: Collected Papers, 1920-1958*, rittstj. Athol Hughes (London ; New York: Karnac Books, 1991), 94. (Þýð. höf.).

<sup>15</sup> Riviere, 95-96.

<sup>16</sup> „There is no gender identity behind the expressions of gender; that identity is performatively constituted by the very "expressions" that are said to be its results.“ (Þýð. höf.). Judith Butler, *Gender Trouble: Feminism and the Subversion of Identity* (New York: Routledge, 1999), 33.

<sup>17</sup> Judith Butler, „Performative Acts and Gender Constitution: An Essay in Phenomenology and Feminist Theory“, *Theatre Journal* 40, tbl. 4 (desember 1988): 522, <https://doi.org/10.2307/3207893>.

<sup>18</sup> Judith Butler, *Undoing Gender* (New York ; London: Routledge, 2004), 42. (Þýð. höf.).

viðtali við veftímaritið *Vulture* árið 2013. Þar sagði hann að viðurkennd kvikmyndaver væru síður tilbúin til að taka við framleiðslu kvikmynda ef aðalpersónan væri kvenkyns. Ástæðuna taldi hann eingöngu vera markaðslega:

Konur hafa bæði áhuga á karlmönnum og konum en karlmenn hafa ekki áhuga á sögum um konur. [...] [É]g held að það sé bara of kvenlegt fyrir karlmann að fara að sjá mynd þar sem aðalpersónan er kvenkyns nema það sé Angelina Jolie að skjóta fólk eða *Zero Dark Thirty* eða eitthvað sem lítur út fyrir að vera inni á hinu karlmannlega sviði.<sup>19</sup>

Í bók sinni *Action Chicks* (2014), telur fræðikonan Sherrie Innes upp einkenni hinnar dæmigerðu „hörðu“ (e. tough) kvenhetju. Eitt af einkennum hörðu kvenhetjunnar er að hún er yfirleitt sterkbyggð en ekki svo sterkbyggð að hún ógni karlmönnum í kring. Ef kvenhetjan telst vera „of karlmannleg“ á einhvern hátt, t.d. of sterkbyggð, er það yfirleitt „jafnað út“ með einkennum tengdum við kvenleika til dæmis með því að leggja áherslu á kynþokka hennar.<sup>20</sup> Kvikmyndafræðingurinn Rikke Schubart talar jafnframt um það í bók sinni, *Super Bitches and Action Babes* (2007) að nútíma kvenhetjur í karlmannlegum greinum séu í eins konar millibilsástandi (e. „inbetween-ness“).<sup>21</sup> Samkvæmt henni þurfa kvenhetjur að bera bæði stöðluð kvenleg einkenni, s.s. fegurð, kynþokka og samúð, og karlmannleg einkenni, s.s. ofbeldishneigð, bardagahæfni, úthald og yfirgangssemi, til þess að vera viðurkenndar sem hetjur. Schubart leggur sérstaka áherslu á fegurð og kynþokka kvenhetjunnar sem hún fullyrðir að sé frumskilyrði hennar fyrir því að vera viðurkennd í heimi karlmanna.<sup>22</sup>

Þessar staðhæfingar kalla fram þá spurningu hvort það sé einfaldlega áhugi karlmanna sem stjórn hegðun og persónuleika virkra kvenpersóna og hvort fyrrnefndar kvenpersónur komist aðeins upp með að vera aðalsöguhetjur í meintum karlmannlegum greinum vegna þess að þær líti út fyrir „að vera inni á hinu karlmannlega sviði.“ Þess má

---

<sup>19</sup> Denise Martin, „Mike White on Enlightened’s Tough Road to a Third Season and Why He Thinks Men Don’t Want to Watch Shows About Women“, *Vulture*, 27. febrúar 2013, <http://www.vulture.com/2013/02/mike-white-on-enlightened-tough-road-to-season-three.html>. (Þýð. höf.).

<sup>20</sup> Sherrie A. Inness, ritstj., *Action Chicks: New Images of Tough Women in Popular Culture*, 1. útg. (New York: Palgrave Macmillan, 2004), 12.

<sup>21</sup> Rikke Schubart, *Super Bitches and Action Babes: The Female Hero in Popular Cinema, 1970-2006*, (Jefferson, N.C: McFarland & Co, 2007), Kindle, 1–2.

<sup>22</sup> Schubart, 5.

þó geta að meint karlmannleg einkenni eru, almennt séð, sett á hærri stall í vestrænni menningu en meint kvenleg einkenni. Það t.d. kemur fram í rannsókn á lestrarvenjum kynjanna, frá 2010, að fólk af báðum kynjum er líklegra til að gefa sögum betri einkunn ef aðalsöguhetjan er karlkyns heldur en kvenkyns.<sup>23</sup> Rannsókn Shana Mlawsky á vinsælum kvenpersónum gefur einnig til kynna að fólk af báðum kynjum kunni betur við kvenpersónur sem bera einkenni sem almennt teljast vera „karlmannleg“ fremur en „kvenleg“. Fólk af báðum kynjum virðist einnig vera mun opnara fyrir fjölbreytni þegar kemur að karlpersónum og er jafnan mun dómharðara og skoðanagjarnara þegar kemur að kvenpersónum.

Líkur eru þó á því að fjölbreytni meðal kvenkyns aðalsöguhetja sé að aukast og margt bendir til þess að tímar séu smám saman að breytast að þessu leyti.

---

<sup>23</sup> Marisa Bortolussi, Peter Dixon, og Paul Sopčák, „Gender and reading“, *Poetics* 38, tbl. 3 (1. júní 2010): 299–318, <https://doi.org/10.1016/j.poetic.2010.03.004>.

## 2. Persónuleikakenningar

Carl Jung var frægur svissneskur sálfræðingur og mótaði meðal annars kenningu um persónuleika sem hann setti fram í riti sínu *Psychologische Typen* sem kom út árið 1921. Þar leggur hann áherslu á greiningu á svokölluðum vitsmunaverkfærum (þ. die Bewusstseinsfunktion).<sup>24</sup> Í stuttu máli snýst vitsmunaverkfærakenning Jung um að einstaklingar noti sérstök vitsmunaleg verkfæri til að skynja og meta aðstæður í lífinu. Þessi vitsmunaverkfæri eru fjögur og skiptast í rökhugsun, tilfinningamat, skynjun og innsæi og geta verið bæði innhverf og úthverf.

Jung lagði áherslu á að einstaklingur hefði alltaf öll vitsmunaverkfærin í fórum sínum en eitt þeirra væri honum þó eðlislægt. Þetta verkfæri kallaði Jung ráðandi verkfærið.<sup>25</sup> Því til stuðnings eru seinni tvö verkfærin sem Jung kallaði stuðningsverkfærin. Þau eru eins konar hjálparkæmi ráðandi verkfærisins og mega því ekki vera andstæður þess.<sup>26</sup> Þannig getur tilfinningamat aldrei verið stuðningsverkfæri rökhugsunar. Andstæða ráðandi verkfærisins er, samkvæmt Jung, að hluta til bælt í undirmeðvitund einstaklings. Þetta verkfæri kallaði Jung óæðra verkfærið.<sup>27</sup>

Jung taldi að þessi mismunandi röðun vitsmunaverkfæra væri ein ástæða þess að hegðun og hugsun einstaklinga væri eins ólík og raun ber vitni. Þannig taldi hann að sumir, sem hann kallaði „hugsuði“ notuðu fyrst og fremst ópersónulega rökhugsun til að taka ákvarðanir og bregðast við aðstæðum á meðan öðrum, sem Jung kallaði „tilfinningaverur“, væri eðlislægt að hlusta á innri gildi og leyfa persónulegu tilfinningamati að ráða för.

Árið 1944 mótuðu bandarísku mæðgurnar Isabell Briggs Myers og Katherine Cook Briggs persónuleikapróf sem byggir á kenningu Jung um vitsmunaverkfærin.<sup>28</sup> Persónuleikaprófið sem gengur undir nafninu *The Myers-Briggs Type Indicator*, oftast skammstafað í *MBTI*, nýtur enn í dag mikilla vinsælda þó að áreiðanleiki þess hafi löngum verið umdeildur hjá vísindamönnum og sálfræðingum. MBTI flokkar fólk í sextán mismunandi manngerðir (e. personality types)<sup>29</sup> eftir því í hvaða röð það notar

---

<sup>24</sup> (Þýð. höf.).

<sup>25</sup> Jung, *The Collected Works of C. G. Jung*, b. 6, málsgr. 483. (Þýð. höf.).

<sup>26</sup> Jung, b. 6, málsgr. 667. (Þýð. höf.).

<sup>27</sup> Jung, b. 6, málsgr. 171. (Þýð. höf.).

<sup>28</sup> „Original Research“, The Myers & Briggs Foundation, sótt 12. janúar 2018,

<http://www.myersbriggs.org/my-mbti-personality-type/mbti-basics/original-research.htm?bhcp=1>.

<sup>29</sup> (Þýð. Árelía Eydís Guðmundsdóttir)

vitsmunaverkfærin og gefur þeim skammstöfun eftir þeim eiginleikum sem vitsmunaverkfæri þeirra eiga að gefa þeim.

## 2.1. ISTP manngerðin

ISTP manngerðin er einn sjaldgæfasti persónuleikinn til að greinast hjá konum en hann greinist aðeins hjá um 2,5% kvenna.<sup>30</sup> Skammstöfunin ISTP stendur fyrir lýsingu á einkennum manngerðarinnar, þ.e. innhverfu (e. Introverted), skynjun (e. Sensing), rökhugsun (e. Thinking) og spuna (e. Perceiving).<sup>31</sup> Manngerðin notar vitsmunaverkfærin fjögur í þessari röð og á þennan hátt.

1. Ráðandi verkfæri: Innhverf rökhugsun.
2. Stuðnings-verkfæri: Úthverf skynjun.
3. Seinna stuðnings-verkfæri: Innhverft innsæi.
4. Óæðri verkfæri: Úthverft tilfinningamat.

Ráðandi vitsmunaverkfæri ISTP er því innhverf rökhugsun og manngerðin er því „innhverfur hugsuður“ út frá kenningu Jung. ISTP notar svo vitsmunaverkfærið úthverfa skynjun, sem eins konar hjálpartæki til upplýsingatöku fyrir rökhugsunina og því eru það þau tvö verkfæri sem ISTP grípur fyrst til þegar eitthvað hjátar á. Þriðja vitsmunaverkfærið, innhverft innsæi, er svo annað hjálpartæki ráðandi verkfærisins en neðst húkir óæðri verkfærið, úthverft tilfinningamat, á barmi undirmeðvitundarinnar. Tilfinningamat ISTP manngerðarinnar er þannig yfirleitt bælt af andstæðu sinni, ráðandi verkfærinu; rökhugsuninni. Hið bælda tilfinningamat er ástæðan fyrir því að ISTP manngerðin er þekkt fyrir að vera fremur illa að sér í að lesa fólk, tjá tilfinningar og á oft erfitt með að hegða sér í samræmi við viðurkennd samfélagsleg viðmið. Það fer þó eftir þroska einstaklingsins hvort hann nái að rækta hin lægra settu verkfæri og notfæra sér þau í verkefnum lífsins.

---

<sup>30</sup> „Myers Briggs Statistics“.

<sup>31</sup> Þýðing á hugtökum sem tengjast MBTI persónuleikakenningunni er fengin frá höfundi en einnig er stuðst við bókina *Á réttri hillu* (2011) eftir dr. Árelíu Eydísi Guðmundsdóttur og íslenska þýðingu af heimasíðunni *16personalities*. Á *16personalities* er enska orðið *Perceiving* þýtt sem spuni en höfundi þótti orðið gefa til kynna merkingu hugtaksins í þessu tilviki. Eiginleiki *Perceiving* einkennist af tilhneigingu til að takast á við lífið án þess að skipuleggja sig um of, sbr. að spinna á staðnum. Sjá: *16Personalities*, „Persónuleiki “Snillingur” (ISTP-A / ISTP-T)“, sótt 12. janúar 2018, <https://www.16personalities.com/is/persónuleiki-istp>.

Í bók sinni *Á réttri hillu* (2011) lýsir dr. Árelía Eydís Guðmundsdóttir ISTP manngerðinni sem heiðarlegri handverksmanneskju sem hefur meiri ánægju af því að framkvæma en tala. Samkvæmt henni „hafa [ISTP] greinandi hugsun og geta farið í gegnum mikið af upplýsingum til að komast að rót vandamálanna. [...] [ISTP] hefur áhuga á að skilja orsakir og afleiðingar og vill komast að rökréttri niðurstöðu. [...] Þessi manngerð þrífst á ákveðinni spennu og vill gjarnan vera í miklum framkvæmdum.“<sup>32</sup> Árelía talar einnig um að ISTP séu meistarar í aðlögunarhæfni, séu fljót að bregðast við nýjum áskorunum og vandamálum og sækist oft eftir útiveru og íþróttum til að létta á spennunni og slaka á. Árelía lýsir einnig hugsanlegum veikleikum ISTP manngerðarinnar þannig að hún eigi það til að taka mikilvægar ákvarðanir án þess að láta nákomna vita og eigi jafnframt í erfiðleikum með hvers konar tjáningu, sérstaklega í sambandi við tilfinningar sínar.<sup>33</sup>

Á heimasíðunni *16personalities* eru talin upp bæði neikvæð og jákvæð einkenni ISTP manngerðarinnar og meðal þeirra eru: hvatvísi, rökvísi, hagkvæmni, hæfni til að halda ró undir álagi, þrjúska, tilfinningaleysi, tilhneiging til að loka á fólk, áhættuhegðun, hreinskilni og hræðsla við skuldbindingar.<sup>34</sup> Þegar þessi einkenni eru skoðuð má sjá að þau minna að mörgu leyti á áður nefndar hugmyndir Robert Brannon um samfélagslega viðurkennda karlmannlega hegðun enda er ISTP manngerðin oft álitinn einn „karlmannlegasti“ persónuleikinn.

---

<sup>32</sup> Árelía Eydís Guðmundsdóttir, *Á réttri hillu: leiðin til meiri hamingju í lífi og starfi* (Reykjavík: Veröld, 2011), 66–67.

<sup>33</sup> Árelía Eydís Guðmundsdóttir, 67.

<sup>34</sup> 16Personalities, „Virtuoso Strengths and Weaknesses“, sótt 9. janúar 2018, <https://www.16personalities.com/istp-strengths-and-weaknesses>. (Þýð. höf.).

## 2.2. Persónuleiki skáldsagnarpersóna

Með tilkomu veraldarvefsins hafa vinsældir persónuleikakenninga aukist gríðarlega. Fólk hefur nú aðgang að fjölmörgum persónuleikaprófum sem byggja á kerfi MBTI. Samskiptavefir eins og *Personality Cafe* og *Typology Central* snúast alfarið um þessi persónuleikapróf og kenningar. Eins eru „þræðir“ og „hópar“, á þekktum heimasíðum eins og *Reddit*, *Tumblr* og *Facebook* helgaðir þessu efni. Eitt vinsælasta umræðuefni fólks á slíkum heimasíðum er greining á persónuleikum skáldsagnarpersóna. Í þess konar umræðum skoðar fólk persónuleika og hegðunarmynstur skáldsagnarpersóna, metur vitsmunaverkfæri þeirra og greinir þær sem ákveðnar manngerðir út frá MBTI. Oft er fólk ósammála og djúpar rökræður um eiginleika persónanna er daglegt brauð á slíkum síðum.

ISTP, sem hefur m.a. fengið viðurnefnin vélvirkinn, snillingurinn og þúsundþjalasmiðurinn, virðist hafa orðið að óska manngerð „karlmannlegu“ hasarhetjunnar. Þetta fullyrðir fræðikonan Susan Storm í grein sem fjallar um ISTP hasarhetjur.<sup>35</sup> Hún telur ástæðuna fyrir þessu tengjast því að ISTP manngerðin er þekkt fyrir að vera fljót að leysa vandamál og halda ró sinni í hættulegum aðstæðum. „Þegar kemur að neyðarástandi eru þeir [ISTP] alveg rólegir og finna lausn á öllu.“<sup>36</sup> Dæmi um ISTP hasarhetjur eru James Bond, Indiana Jones, Mad Max, Wolverine og Rambo.

Þessi dæmigerða ISTP hasarhetja er þó ekki eins vinsæl og hún var áður fyrr. Það þýðir ekki að hetju- og hasarkvikmyndir séu síður vinsælar því að slíkar myndir hafa sjaldan verið jafn vinsælar og nú. Karlhetjurnar eru þó orðnar mun fjölbreyttari en áður og hljóða, fljótfæra, handlagna og „svala“ karlhetjan vekur ekki jafn mikinn áhuga og áður. Á skjánum sjá nútíma-áhorfendur hvernig Wolverine lærir að elska áður en hann lætur lífið, James Bond gefur tilfinningum lausan tauminn og gamaldags karlmennskuhugmyndir ofurhetjunnar Þórs eru aðhlátursefni í nýjustu kvikmyndum Marvel. Karlhetjurnar hafa þroskast og fengið leyfi til að víkja burt frá karlmennskuhugmyndum fyrri alda.

En hvað með kvenpersónurnar: þessar „sterku“ konur sem nú eru loks farnar að koma fram sem vinsælar aðalpersónur og hetjur? Einkenni þessara kvenpersóna eru oft tengd við meint „karlmannleg“ einkenni og það er jafnframt hægt að greina margar þeirra

---

<sup>35</sup> Susan Storm, „Why ISTPs Make the Best Action Heroes“, *Psychology Junkie*, 3. september 2015, <https://www.psychologyjunkie.com/2015/09/03/why-istps-make-the-best-action-heroes/>. (Þýð. höf.).

<sup>36</sup> Storm, „Why ISTPs Make the Best Action Heroes“. (Þýð. höf.).

sem ISTP manngerðina. Líkt og bloggarinn Calise Seller bendir á í færslu sinni um ISTP hetjutýpuna, er ISTP manngerðin ein algengasta persónugerð hörðu stelpunnar (e. kickbutt girl)<sup>37</sup>, sem hefur verið áberandi aðalsöguhetja í karllægum greinum síðastliðinna ára.<sup>38</sup>

---

<sup>37</sup> Calise Sellers, „Type Heroes: ISTP - The Weapons Specialist“, *A Little Bit of Personality* (blogg), 1. júlí 2013, <http://www.alittlebitofpersonality.com/type-heroes-istp-the-weapons-specialist/>.

<sup>38</sup> Dæmi um nokkrar „harðar“ kvenpersónur, úr fantasíu- og vísindaskáldskap seinustu ára sem falla að einkennum ISTP manngerðarinnar eru: Arya Stark úr *Söng um ís og eld* (*Krúnuleikar* (1996) *Konungar kljást* (1998), *Sverðagnýr* (2000), *Krákuveisla* (2005) og *Dans með drekum* (2011)) eftir George R. R. Martin, Lýra Silfurtunga úr þrileik Philip Pullman um *Myrku öflin* (*Gyllti áttavitinn* (1995), *Lúmski hnífurinn* (1997) og *Skugga sjónaukinn* (2000)), Gamora úr *Guardians of the Galaxy*-kvikmyndunum (2014-), Svarta ekkjan, Natasha Romanoff úr *Avengers*-kvikmyndunum (2012-), Lara Croft úr *Tombraider* tölvuleikjaseríunni (1996-), Evelyn Salt úr kvikmyndinni *Salt* (2010), Lisbeth Salander úr *Millennium*-bókaseríunni (*Karlar sem hata konur* (2005), *Stúlkan sem lék sér að eldinum* (2006), *Lofkastalinn sem hrundi* (2007)) og Emma Swan úr sjónvarpsþættinum *Once Upon a Time* (2011-). Þess má geta að þessar persónur eru allar skapaðar af karlmönnum.



### 3. Undrakonan: Úthverfa og tilfinninganæma kvenhetjan

Undrakonan (e. Wonder Woman) er án vafa ein þekktasta kvenhetja allra tíma en hún var sköpunarverk sálfræðingsins William Moulton Marston og kom fyrst fram í *All Star Comics #8* árið 1941. Marston var þekktur fyrir róttækar skoðanir en hann var mikill baráttumaður kvenréttinda. Hann trúði því raunar að sálfræðilega væru konur komnar mun lengra en karlmenn og væru því hæfari til að gegna stjórnarstöðum.<sup>39</sup> Líkt og Jung trúði Marston því að konur væru að eðlisfari tilfinninganæmari og betri í félagslegum samskiptum en karlmenn en ólíkt Jung leit Marston á þessa eiginleika sem yfirburði yfir hina venjulegu „karlmannlegu“ eiginleika. Samkvæmt Marston áttu konur auðveldara með að sýna samúð, umhyggju og kærleika og voru því margfalt hæfari til að taka að sér þá tilfinningalegu leiðtogahæfni sem hann taldi þurfa til að viðhalda friði.<sup>40</sup> Marston var þess fullviss að konur myndu taka við stjórn heimsins innan hundrað ára á sama tíma og „Bandaríkin yrðu að mæðraveldi undir stjórn huglægra amasóna.“<sup>41</sup> Undrakonan var leið Marston til að undirbúa almúgann, sérstaklega unga stráka, fyrir þessa komandi byltingu.<sup>42</sup> Samband Marston við myndasöguheiminn hófst árið 1940 þegar hann birti greinina „Don't laugh at the Comics“, þar sem hann fjallaði um áhrif og velgengni myndasagna. Á þessum tíma var umræða um skaðleg áhrif myndasagna á börn mjög áberandi og foreldrar lýstu yfir áhyggjum sínum um að þær innihéldu of mikið ofbeldi og minnkuðu bókalestur hjá börnum. Myndasöguframleiðendur hófu því að ráða sálfræðinga til að fara yfir og samþykkja bækur þeirra. Það var þó álit Marston að það eina neikvæða við myndasögurnar væri „hin skelfilega karlmennska“ sem þar væri að finna.<sup>43</sup> Hann hófst því handa við að skapa ofurhetju sem stjórnaðist af ást fremur en ofbeldi. Sagan segir að eiginkona hans Elizabeth hafi krafist þess að ofurhetjan væri kvenkyns en ástkona Marston (og mögulega eiginkonu hans einnig), Olive Byrne, sem bjó með hjónunum, er sögð innblástur Undrakonunnar.<sup>44</sup>

Undrakonan, Díana prinsessa, elst upp í mæðraveldis samfélagi á Paradísareyju þar sem búa einungis konur - hinar goðsagnarkenndu amasónur. Einkenni hennar og

---

<sup>39</sup> Tim Hanley, *Wonder Woman Unbound: the Curious History of the World's Most Famous Heroine* (Chicago: Chicago Review Press, 2014), iBooks útgáfa, 32.

<sup>40</sup> Hanley, 39.

<sup>41</sup> Ibid., 40. (Þýð. höf.).

<sup>42</sup> Ibid., 88.

<sup>43</sup> Ibid., 34.

<sup>44</sup> Ibid., 44.

ofurkraftar eru sagðir jafnast á við eiginleika grísku guðanna. Hún er sögð jafn fögur og Afródíta, jafn vitur og Aþena, jafn sterk og Herkúles og jafn hröð og Merkúríus.<sup>45</sup> Þegar hermaðurinn Steve Trevor brotlendir á Paradísareyju og færir amasónunum fregnir af heimstýrjöldinni býður Dána sig fram til að fara með honum og þátt í stríðinu. Hún fylgir honum til Bandaríkjana þar sem hún berst fyrir friði og mannréttindum á kærleiksríkan hátt á sama tíma og hún hvetur konur til sjálfstæðis. Undrakonan sem Marston skapaði var aldrei kona í neyð - en það hlutverk fékk karlmaðurinn, Steve Trevor, sem Undrakonan neyddist til að bjarga margoft. Hún bjargaði sér alltaf sjálf og hvatti konur til að gera slíkt hið sama.

Í grein um Undrakonuna sem birtist í *American Scholar* árið 1943 sagði Marston: „Stelpur vilja ekki einu sinni vera stelpur þegar staðalmynd kvenna skortir mátt, styrk og völd.“<sup>46</sup> Hann fullyrti jafnframt að flestum myndasögulesendum líkaði ekki við kvenpersónur sagnanna þar sem þær sýndu einkenni kvenna aðeins sem veikleika. Eina leiðin til að laga þetta væri „að skapa kvenpersónu með alla styrkleika Ofurmannsins (e. Superman) ásamt öllu því sem einkennir góða og fallega konu.“<sup>47</sup> Persónueiginleikar Undrakonunnar eru þannig tengdir við dæmigerð „kvenleg“ einkenni en eru alltaf sýndir í jákvæðu ljósi. Hún er t.d. tilfinninganæg, félagslynd, skilningsrík og umhyggjusöm. Neikvæðir „kvenlegir“ eiginleikar, svo sem það að vera veikburða, ósjálfbjarga eða órökvís, einkenna hana ekki en eru frekar tengdir við karlmanninn Steve.

Hið óhjákvæmilega einkenni Undrakonunnar: kynþokki hennar og fegurð, hefur löngum vakið þá spurningu hvort hún geti raunverulega staðið undir nafni sem „sterk“ og femínísk kvenhetja. Þessi spurning er afar algeng í umræðu um kvenhetjur en, eins og Rikke Schubart bendir á í bókinni *Super Bitches and Action Babes* (2007), þá er fegurð og kynþokki orðið að nánast órjúfanlegum einkennum kvenhetjunnar.<sup>48</sup>

Í bók sinni *Dangerous Curves* (2011) leggur Jeffrey Brown áherslu á það mótsagnarkennda vandamál sem kvenhetjur í karllægum greinum standa frammi fyrir sem táknmyndir bæði fyrir róttækar breytingar á kynhlutverkum og hlutgervingu kvenna.<sup>49</sup> Hann bendir á að Undrakonan sé fullkomið dæmi um þessa mótsögn þar sem

---

<sup>45</sup> Ibid., 47.

<sup>46</sup> Ibid., 87. (Þýð. höf.).

<sup>47</sup> Ibid., 87. (Þýð. höf.).

<sup>48</sup> Schubart, *Super Bitches and Action Babes*, 5.

<sup>49</sup> Brown, *Dangerous Curves*, 9.

hún er bæði þekkt sem femínísk tákmynd en einnig sem íkonískt kyntákn.<sup>50</sup> En þó að hugmyndir Marston hafi ekki staðist tímans tönn og áhersla hans á fegurð kvenna sé umdeild varð trú hans á sálfræðilegum yfirburðum konunnar til þess að einhver áhrifamesta kvenhetja allra tíma varð til. Undrakanan var langt á undan sinni samtíð og fyrstu sögurnar um hana standa enn sem dæmi um „sterka“ femíníska kvenhetju sem ber persónueinkenni sem yfirleitt eru talin kvenleg.

---

<sup>50</sup> Brown, 235.

## 4. Greining: „Karlmannlegar“ kvenhetjur

### 4.1. Bælda amasónan: Jóvin Jómundardóttir (fyrir 1960)

Stuttu eftir að Undrakonan kom fyrst fram á sjónarsviðið byrjaði J. R. R. Tolkien að skrifa eina áhrifamestu og þekktustu fantasíuskáldsögu aldarinnar, *Hringadróttinssögu* (1954-1955). Fáir geta stært sig af því að hafa haft eins mikil áhrif innan einnar bókmenntagreinar og Tolkien en klassíska fantasíu veröld hans í *Hringadróttinssögu* er talin hafa mótað nútíma fantasíuna og leitt hana inn í meginstraum bókmenntanna.

*Hringadróttinssaga* fjallar í stuttu máli um baráttu góðs og illis í ævintýralegru miðaldarveröld Miðgarðs þar sem álfar, hobbitar, dvergar og ýmsar aðrar ævintýraverur búa saman ásamt mönnum. Sagan fylgir eftir hobbitanum Fróða og föruneysi hans á leiðangri þeirra til að eyða töfrahring sem er sköpunarverk illmennisins Saurons og geymir illan mátt hans.

Þegar *Hringadróttinssaga* Tolkien kom fyrst út í bók árið 1954 skapaði hún mikla umræðu og var meðal annars gagnrýnd fyrir „að innihalda engar konur“.<sup>51</sup> Þessu neitaði Tolkien réttilega, enda eru þó nokkrar eftirminnilegar konur að finna í þríleiknum. Það er þó ekki hægt að neita því að konurnar eru færar og gegna mun veigaminni hlutverkum en karlarnir. Það má þó færa rök fyrir því að engin þeirra sé eins óhefðbundin og eftirminnileg og Jóvin Jómundardóttir. Ákvörðun Tolkien að gefa kvenpersónu eins og Jóvini svo stórt og óhefðbundið hlutverk í fantasíuskáldskap, á þeim tíma sem *Hringadróttinssaga* var skrifuð, er á margan hátt merkileg. Það er vel hægt að ímynda sér að vinsældir Ofurkonunnar hafi haft einhver áhrif á Tolkien þó að engar heimildir séu til um slíkt. Hann sótti í það minnsta innblástur í goðsögur og hefur án vafa þekkt sögur um norrænar valkyrjur og grískar amasónur. Upphaflega hafði Tolkien hugsað sér Jóvini sem amasónu og stríðskonu sem myndi ríða í stríð við hlið Aragorns, framtíðarkonungs og hetju manna í Miðgarði.<sup>52</sup> Hlutverk hennar breyttist þó umtalsvert í lokaútgáfu *Hringadróttinssögu*. Í sögu Tolkien er Jóvin<sup>53</sup> fjötruð af þeim kröfum sem karlaveldi

---

<sup>51</sup> Candice Fredrick og Sam McBride, „Battling the Woman Warrior: Females and Combat in Tolkien and Lewis“, *Mythlore: A Journal of J.R.R. Tolkien, C.S. Lewis, Charles Williams, and Mythopoeic Literature* 25, tbl. 3 (15. apríl 2007): 32, <https://dc.swosu.edu/mythlore/vol25/iss3/4/>

<sup>52</sup>J. R. R. Tolkien og Christopher Tolkien, *The History of Lord of the Rings, Part 2: The Treason of Isengard*. (London: HarperCollins, 1989), 437.

<sup>53</sup> Laineth, „Eowyn is an ISTP“, *The Sea's song* (blogg), 5. ágúst 2017, <http://theseassong.blogspot.is/2017/08/eowyn-is-istp.html>

Miðgarðs gerir til hennar. Hún þráir að fá að vera viðurkennd sem stríðsmaður og jafningi karlmanna og dreymir um að öðlast frægð og frama sem stríðshetja. Hún neyðist þó til að eyða nokkrum árum í að hjúkra frænda sínum, Þjóðani konungi, er hann er undir áhrifum myrkra afla. Þó að Jóvin elski frænda sinn eins og eigin föður er hún mjög óhamingjusöm með hlutverk sitt sem heimasæta og hjúkrunarkona.

Þegar Þjóðann konungur er læknaður og undirbýr sig til að ríða til orustu ásamt bróður Jóvinjar og öllum karlmönnum þjóðar sinnar, ákveður hann að skilja Jóvini eftir, gegn vilja hennar, til að stjórna þjóðinni í fjarveru hans. Þegar ein aðalpersóna *Hringadróttinssögu*, Aragorn og föruneysi hans stoppa við hjá Jóvini á leið þeirra í lífshættulega för, grátbiður hún um að fá að fylgja þeim í förina. Aragorn neitar henni ítrekað og bendir henni á að henni beri skylda að verða eftir og sinna því hlutverki sem konungurinn gaf henni. Hún svarar þá:

Öll þín orð beinast að einni merkingu: að ég sé bara kona og hlutverk mitt sé á heimilinu. En þegar allir karlmennirnir hafa fallið með frægðarorði í orustum, liggur það eitt fyrir mér að brenna sjálfa mig að lokum inni í húsinu, því þá hafa karlmennirnir ekki lengur neina þörf fyrir mig. En gættu að því að ég er af Jörlungaætt og engin þjónustukerling. Ég má því ríða og sveifla sverði, og ég óttast hvorki kvöl né deyð.<sup>54</sup>

Aragorn spyr hana í kjölfarið hvað það er sem hún óttist. „Búrið!“ svarar hún þá. „Að vera lokuð inni langar stundir bak við grindur, þar til vanaleiðinn og ellin gera mig auðsveipa, og deyða allar mínar vonir um að mega vinna mér einhver afrek til frægðar (50).“ Jóvin kærir sig ekki um að fylgja þeim gildum sem samfélagið býst við af henni sem konu og virðist líta á hin vanalegu kvenlegu hlutverk sem neikvæð, ósanngjörn og merki um veikleika. Hegðun Jóvinjar minnir á margan hátt á karlmenskuskala Robert Brannon þar sem hún virðist afneita kvenleika sínum, sækist eftir velgengni og viðurkenningu, bæli niður tilfinningar sínar og er óhrædd að grípa til ofbeldis.

Þegar karlmennirnir leggja af stað til að taka þátt í einum mikilvægasta bardaga sögunnar ákveður Jóvin að gera uppreisn gegn skyldum sínum, klæðir sig í karlmansbrynju, setur á sig hjálm til að hylja andlit sitt og slæst í för með þeim undir

---

<sup>54</sup> J. R. R. Tolkien, *Hringadróttinssaga*, 3. *Hilmir snýr heim*, þýð. Þorsteinn Thorarensen (Reykjavík: Fjölvi, 2001), 49. Hér eftir er vitnað til þessarar heimildar í meginmáli með blaðsíðutali í sviga.

dulnefninu Dulhjálmur. Í bardaganum berst hún við Nornakonunginn ógurlega, helsta þjón illmennisins Saurons, og vængjaða ófreskjuna sem hann ríður. Þegar Nornakonungurinn hótar henni og segir að enginn lifandi maður fái hindrað hann hlær Jóvin upp í opið geðið á honum og svarar: „En ég er heldur enginn lifandi maður! Hér stendur kona. Jóvin heiti ég Jómundardóttir. Og nú stendurðu í veginum milli mín og höfðingja míns og frænda (107).“ Jóvin sker höfuðið af ófreskjunni og nær, með smá hjálp frá hobbitanum Káti, að veita Nornakonunginum banahöggið en fær yfir sig myrk álög og fellur í kjölfarið í dá. Hún er í framhaldi send í Græðihúsið þar sem hún er læknuð af hetjunni Aragorni. Í Græðihúsinu neyðist hún, enn og aftur, til að sitja föst á meðan hún jafnar sig. Hún er óhamingjusöm og full löngunar til að taka þátt í bardaganum sem enn þá stendur yfir þegar hún kynnist prinsinum Faramír sem einnig er að jafna sig eftir bardagann. Faramír, sem er þekktur fyrir ljúfmennsku og viðkvæmni, föður sínum til mikils ama, hefur mikil áhrif á Jóvin og þau heillast að hvor öðru. Þau verða ástfangin og í kjölfarið breytist hugsunarháttur Jóvinjar og hún gefur upp ímynd sína sem skjaldmey.

Þá snerist Jóvin hugur, eða hún gerði sér það ljóst. Og skyndilega var veturinn úti og sólin skein á hana. „Hér stend ég á Minas Anor, turni sólarinnar,“ sagði hún; „og sjá! Skugginn er horfinn! Ég verð ekki lengur nein skjaldmey, né keppi við mikla riddara í þrautum, né gleðst lengur við stríðssöngva. Þess í stað vil ég gerast græðari og elska allt sem vex og visnar ekki. (233-124)!“

Það er þá sem Faramír tilkynnir stjórnanda Græðihúsanna að „Lafði Jóvin af Róhan [sé] nú orðin heil heilsu (234).“ Þessi undarlega persónuleikabreyting Jóvinjar hefur löngum valdið heilabrotum hjá lesendum og fræðimönnum. Táknrænt ferðalag hennar er auðveldlega túlkað á þann veg að hún sé þarna „læknuð“ af þeim „sjúkdómi“ að vilja stíga út fyrir sitt kvenlega hlutverk. Það er ekki fyrr en hún gefur sig á vald karlmanns sem hún virðist finna hamingjuna. Faramír virðist þannig ná að temja villta stríðsþrá Jóvinjar og hjálpa henni að sætta sig við það hefðbundna kvenlega hlutverk að vera falleg, hjálpsöm og blíð eiginkona.

Ef boðskapur *Hringadróttinsögu* er skoðaður er hins vegar hægt að túlka þessa breytingu Jóvinjar sem merki um þroska. Tolkien var kristinn maður og trúin hafði mikil áhrif á verk hans enda er meginboðskapur *Hringadróttinsögu* í takt við boðskap

fríðarsinnans og græðarans Jesú Krists. Hobbitinn Fróði, sem sigrar hinn illa Sauron með því að eyða töfrahing hans og Aragorn, verðandi konungur Gondors eru vafalaust einhverjar áhrifamestu hetjur *Hringadróttinssögu*. Mikilvægustu eiginleikar þeirra samanstanda ekki af bardagahæfni, stríðsdáðum eða óttaleysi heldur þvert á móti af fórnfýsi þeirra beggja, fríðsæld Fróða og hæfileika Aragorns til að græða. Til samanburðar er Boromír, bróðir Faramírs, dæmi um spillta hetju í sögunni en hans helstu einkenni samanstanda af óttaleysi, stolti, þrá til að tryggja sigur þjóðar sinnar og öðlast hetjufrægð í orustu. Ef þessi einkenni eru skoðuð má auðveldlega sjá hvernig breyting Jóvinjar frá því að „gleðjast yfir stríðssöngvum“ í að „gerast græðari“ gæti talist jákvæð. Það er þó ekki þar með sagt að Tolkien sé laus við gagnrýni fyrir að hafa tekið skjaldmeyjar-títilinn frá Jóvini. Fráhvarf Tolkien frá þeirri hugmynd að Jóvin myndi ríða „sem amasóna“ í lokabardagann og ákvörðun hans um að hún myndi þess í stað þurfa að fela kyn sitt á bak við karlmansbrynju hefur þótt merki um þá skoðun hans að konur eigi ekki heima á bardagavellinum. Hvernig sem á það er litið þá eru hetjulegar dáðir, bardagahæfni og óttaleysi ekki mikilvægustu eiginleikar hetjunnar í heimi Tolkien. Það er ekki fyrr en Jóvin uppgötvar það sem hún getur orðið raunveruleg hetja.

Nútímalesendum ber ekki saman um það hversu róttæk og „sterk“ kvenpersóna Jóvin raunverulega er. Það má vel vera að Jóvin hefði getað staðið á sama stalli og Undrakona Marston sem tekur þátt í stríði en ekki vegna eigin löngunar til að öðlast viðurkenningu eða frægð heldur til að koma á fríði, sigra hið illa og til að berjast á móti misrétti. Því, líkt og hin upprunaleg hugmynd Tolkien um Jóvini, felur Undrakonan sig ekki bak við brynju heldur er stolt af kyni sínu.

## 4.2. Hasarhetjurnar: Ellen Ripley og Sarah Connor (1980-1990)

Árið 1986 urðu eins konar tímamót í heimi hasarmyndanna þegar kvikmyndin *Aliens* kom út. Ástæðan var sú að aðalsöguhetja myndarinnar var kona, Ellen Ripley, leikin af Sigourney Weaver en fram að þessu höfðu hasarmyndir nánast eingöngu innihaldið karlkyns aðalsöguhetjur. Fyrri kvikmyndin *Alien* (1979) í leikstjórn Ridley Scott, var meira í átt við hreinræktaða hrollvekjuna en hasar og Ripley, sem einnig var aðalsöguhetjan í þeirri mynd, því tengd við hugmyndina um „síðustu stelpuna“, sem er þekkt persóna í hrollvekjugreininni. *Aliens*, sem James Cameron leikstýrði, var hins vegar meiri hasarmynd en hrollvekja og þar fékk Ripley loks verðskuldaða athygli sem raunveruleg hasarhetja.<sup>55</sup> Bæði Ridley Scott og James Cameron eru sagðir hafa fengið innblástur af *Stjörnustríðs*-seríunni þar sem ein aðalpersónan, prinsessan Lilja, markaði byltingarkennt upphaf vinsælla hasarkvenna í kvikmyndum. Þrátt fyrir að Lilja hafi stundum þurft að reiða sig á karlmennina í kringum sig var hún mun harðari af sér, alvarlegri og virkari en forverar hennar. Hún var ekki bara falleg kona og ástarviðfang - hún var leiðtogi, skaut úr byssu, keyrði mótórhjól og lét ekki valta yfir sig. Lilja heillaði bæði stelpur og stráka og hasarfigúrur í líki hennar seldust eins og heitar lummur, en það höfðu kvenkyns hasarfigúrur aldrei áður gert.<sup>56</sup> Lilja prinsessa var þó ekki jafn virk og karlmennirnir í kringum hana og ekki eins augljós aðalsöguhetja og Ripley sem bæði var aðalsöguhetja *Alien*-seríunnar og reiddi yfirleitt aðeins á sjálfa sig á meðan hún barðist við illar geimverur.

Í *Dangerous Curves* (2011) talar Jeffrey Brown um að Ripley hafi verið fyrsta konan sem komst í „karlaklúbbinn“ í kvikmyndum á níunda áratugnum og að hún hafi orðið eins konar fyrirmynd kvenkyns hasarhetjunnar.<sup>57</sup> Ripley vakti mikla athygli fyrir það að hún átti mun meira sameiginlegt með staðalímyndinni um hina „karlmannlegu“ karlkyns hasarhetju en hinni dæmigerðu öskrandi og bjargarlausu konu sem venjulega kom fram í hasarmyndum.<sup>58</sup> Jafnframt var Ripley líkt við hið goðsagnarkennda karlmannsíkón Rambo og var t.d. kölluð Rambolina, Rambette og Fembo af hinum ýmsu

---

<sup>55</sup> Brown, *Dangerous Curves*, 28.

<sup>56</sup> Gladys L. Knight, *Female Action Heroes: A Guide to Women in Comics, Video Games, Film, and Television* (Santa Barbara, Calif: Greenwood, 2010), 250.

<sup>57</sup> Brown, *Dangerous Curves*, 26.

<sup>58</sup> Brown, 26.



miðlum.<sup>59</sup> Líkt og Rambo var Ripley sjálfstæð, fljót að hugsa, hugrökk, með einstaka bardagahæfni og notaði rökhugsun fremur en tilfinningamat í ákvarðanatöku. Þó að Ripley sé oft nefnd sem dæmi um ISTP manngerðina er áhugafólk um persónugreiningu skáldsagnarpersóna ekki sammála um manngerð hennar þó að hún sé ávallt greind sem einhvers konar innhverf og rökhugsandi manngerð.<sup>60</sup> Hin hreinræktaða ISTP kvenhetja kom fram árið 1991 en þá hélt James Cameron áfram með áherslu sína á kvenhetjur í aðalhlutverki í *Terminator 2: Judgement day*. Fyrsta myndin í *Terminator*-seríunni: *The Terminator*, kom út 1984 en þar kemur söguhetjan Sarah Connor<sup>61</sup> (leikin af Lindu Hamilton) fyrst fram sem kvenleg, saklaus en nútímaþenkjandi stúlka sem er elt uppi af morðóðu vélmanni úr framtíðinni. Henni til bjargar kemur Kyle Reese, karlmaður úr framtíðinni og útskýrir fyrir henni að vélmennið ætli að drepa hana til að koma í veg fyrir fæðingu sonar hennar, sem á eftir að verða leiðtogi í byltingu gegn hinum illu vélmennum. Þegar Reese deyr tekur Sarah, þá ólétt af syni sínum, hlutina í sínar hendur og drepur vélmennið upp á eigin spýtur. Hún fer þannig frá því að vera ósjálfbjarga kona sem reiðir sig á karlmann til að bjarga sér og lærir að bjarga sér sjálf. Framhaldsmyndin, *The Terminator 2: Judgement day*, er oft talin vinsælasta mynd seríunnar en hún gerist tíu árum seinna. Þar er Sarah, líkt og Ripley, orðin sterk, sjálfstæð og rökhugsandi bardagakona. Sarah hefur þá notað síðastliðin ár til að undirbúa sig fyrir framtíðina. Hún hefur þjálfað sig og er orðin harðari, sterkari og staðfastari. Þar að auki hefur hún aðgang að vopnum sem hún hikar ekki við að nota til að vernda son sinn.<sup>62</sup> Sarah hefur lært að hún getur ekki treyst karlmönnum til að bjarga málunum svo hún fer í hlutverk „karlmannlega“ og „harða“ verndarans. Hún bælir niður tilfinningar sínar sem hún lítur á sem veikleika sem gætu ógnað öryggi sonar hennar. Þrátt fyrir að Sarah sýni aðeins ofbeldishneigð þegar hún er á einhvern hátt að vernda son sinn er hún nánast aldrei í beinu umhyggjuhlutverki gagnvart syni sínum. Það er „ofur-massaða“ vélmennið

---

<sup>59</sup> Brown, 27–28.

<sup>60</sup> Vinsælasta greining Ripley virðist vera innhverfa og rökhugsandi manngerðin INTJ sem er jafnvel enn sjaldgæfari meðal kvenna í raunveruleikanum en ISTP manngerðin. Slíka greiningu á Ripley má sjá hér: Funkymbtiinfiction, „Alien: Ellen Ripley [INTJ]“, Tumblr færsla, 5. júní 2014, <https://funkymbtiinfiction.tumblr.com/post/87902433713/alien-ellen-ripley-intj>.

<sup>61</sup> Funkymbtiinfiction, „The Terminator / The Sarah Connor Chronicles: Sarah Jeanette Connor / Reese [ISTP]“, Tumblr færsla, 2. september 2016, <https://funkymbtiinfiction.tumblr.com/post/149840864096/the-terminator-the-sarah-connor-chronicles>.

<sup>62</sup> Knight, *Female Action Heroes*, 257.

„Tortímandinn“, í hlutverki Arnold Schwarzenegger, sem er oftast að sinna stráknum.<sup>63</sup>

Það sem vakti helst athygli áhorfenda og kvikmyndagagnrýnenda í fari bæði Ellen Ripley og Sarah Connor, á þeim tíma sem þær komu fyrst fram, var hversu lítil áhersla var lögð á kvenleg einkenni þeirra. Þær notast hvorugar við farða, klæðast klæðnaði sem hentar báðum kynjum, eru líkamlega sterkar og þrátt fyrir að vera báðar mæður sjást þær sjaldan í eiginlegu umhyggjuhlutverki. Þó er gefið til kynna að ofbeldishneigð þeirra beggja stjórnist af einhvers konar „móðureðli“. Sem dæmi eru þeirra hetjulegustu dáðir drýgðar til að bjarga mannlífum og börnum sem annað hvort er þeirra eigið barn eða endurspeglar það á einhvern hátt. Til að mynda ákveður Ripley í *Aliens* að fara aftur út í geim til að freista þess að bjarga fólki frá geimverunum en endar á að bjarga einni stúlku sem minnir hana á látna dóttur hennar og Sarah Connor gerir allt til að vernda son sinn sem jafnframt mun bjarga fleiri mannlífum í framtíðinni. Ripley var þó mun augljósari aðalsöguhetja en Sarah Connor sem deilir sviðsljósinu með „Tortímandanum“ og syni sínum. Bæði Ripley og Sarah eiga það sameiginlegt að vera skapaðar af karlmönnum og eru jafnframt yfirleitt umkringdar karlpersónum.<sup>64</sup> Báðar eru þær þó einhverjar áhrifamestu kvenpersónur síðustu áratuga og komu af stað bylgju af vinsælum, „hörðum“ kvenpersónum sem áttu eftir að einkenna karlmiðaðar greinar, á við fantasíu-, vísindaskáldskap, hasarmyndir og glæpasögur, næstu árin.<sup>65</sup>

---

<sup>63</sup> Brown, *Dangerous Curves*, 29.

<sup>64</sup> Að undanskildum hinni „karlmannlegu“ Vasquez og geimverunum í *Aliens* sem í báðum tilfellum eru kvenpersónur.

<sup>65</sup> Vert er að benda á að árið 1997 komu sjónvarpsþættirnir *Buffy the Vampire Slayer* (1997-2003) út með nýja og áhrifaríka ímynd af kvenhetju sem höfðaði sérstaklega til ungra stúlkna. Aðalsöguhetja sjónvarpsþáttanna er vampírubaninn Buffy Summers og var, í anda póst-femínismans og „girl power“ viðhorfsins, mun yngri, kvenlegri og glaðlegri en bæði Ripley og Sarah Connor og einkenndist af því að hún gat gert dæmigerða „stelpulega“ hluti samhliða því að berjast við illar vampírir (Brown, 142).

### 4.3. Uppreisnarseggirnir: Katniss Everdeen og Tris Prior (2000-2015)

Fyrsta bók Suzanne Collins í þrileiknum um *Hungurleikana* kom út árið 2008 og varð strax vinsæl meðal ungs fólks og kvikmyndir sem gerðar voru eftir bókunum slógu í gegn í kvikmyndahúsum. Aðalsöguhetja sögunnar, Katniss Everdeen, leikin af Jennifer Lawrence, hefur fengið gríðarlega mikla umfjöllun fyrir að vera sterk og nýstárleg kvenhetja. Í grein eftir rithöfundinn Samantha Ellis um Katniss, sem kom út í vef tímaritinu *The Guardian* árið 2014, er Katniss m.a. kölluð erfingi vampírubanans Buffy.<sup>66</sup> Katniss er þó mun alvarlegri og „karlmannlegri“ kvenhetja en Buffy og minnir á margan hátt meira á Ellen Ripley og Sarah Connor.

Sagan um *Hungurleikana* gerist í „dystópískri“ framtíð í landinu Panem sem er skipt í borgina Capítól og tólf umdæmi sem er hvert öðru fátækara. Yfirvöld landsins neyða á hverju ári börn úr hverju umdæmi til að taka þátt í Hungurleikunum, keppni upp á líf og dauða þar sem aðeins einn keppandi lifir af og stendur uppi sem sigurvegari. Þetta gera yfirvöldin í Capítól til að minna fátækari umdæmin á völd sín og afleiðingarnar stríðsins. Í sögunni býður sextán ára stúlkan, Katniss Everdeen, sig sjálfviljug fram til að taka þátt í Hungurleikunum í stað yngri systur sinnar, Prim, sem hefur verið valin af handahófi til þátttöku á sérstakri samkundu sem kallast sláttan. Katniss er kynnt til sögunnar sem fyrirvinna fjölskyldunnar sem saman stendur af móður hennar og yngri systur. Faðir hennar dó í vinnuslysi þegar hún var 11 ára og við það datt móðir hennar í lamandi þunglyndi og gat ekki séð um fjölskylduna. Katniss, sem lærði að veiða af föður sínum, tekur því alla ábyrgðina og heldur fjölskyldunni á lífi og elur upp systur sína, sem er einstaklega góðhjörtuð, viðkvæm og ósjálfbjarga. Þegar Katniss bjargar Prim með því að bjóða sig fram til að taka þátt í Hungurleikunum getur Prim lítið gert annað en að gráta og öskra. Persónueinkenni Katniss er að að mörgu leyti andstæðar einkennum móður hennar og systur en þau eru flest tengd við karlmennsku. Katniss virðist jafnframt líta á dæmigerða „kvenlega“ eiginleika sem veikleika. Til að mynda fordæmir hún móður sína harðlega fyrir að hafa ekki stjórnað tilfinningum sínum við dauða föður hennar. Þegar Katniss kveður móður sína áður en hún leggur af stað til að taka þátt í Hungurleikunum skipar hún henni sinni að harka af sér og vera til staðar fyrir Prim. Hún er þannig sýnd

---

<sup>66</sup> Samantha Ellis, „Why The Hunger Games' Killer Katniss Is a Great Female Role Model“, *The Guardian*, 12. ágúst 2014, <https://www.theguardian.com/books/booksblog/2014/aug/12/why-hunger-games-killer-katniss-is-a-great-female-role-model>.

sem mest rökhugsandi meðlimur fjölskyldunnar. Það er augljóst að Katniss er ekki laus við tilfinningar en hún ýtir þeim ávallt til hliðar og virðist líta á þær sem veikleika. Þegar Prim grípur í handlegginn á henni öskrandi og grátbiður hana um að fara ekki svarar Katniss á þennan veg: „Slepptu, Prim,“ segi ég hranalega af því að þetta kemur mér í uppnám og ég vil ekki gráta. Þegar sláttan verður endursýnd í sjónvarpinu í kvöld sjá allir ef ég tárast og þá yrði ég talin auðveld bráð. Kveif. Ég ætla ekki að gera neinum það til geðs.“<sup>67</sup> Rétt eins og í tilfalli Sarah Connor er það einhvers konar móðurleg ást sem drífur Katniss áfram í því sem hún gerir. Hún er í sérstöku umönnunarhlutverki gagnvart Prim og það er oftast í tengslum við hana sem Katniss sýnir merki um tilfinningar eða önnur meint „kvenleg“ einkenni. „Ég vernda Prim á allan hátt sem ég get en gagnvart sláttunni eru mér allar bjargir bannaðar. Sálarkvölin sem grípur mig alltaf þegar henni líður illa fyllir brjóst mitt og sést næstum á svipnum (19-20).“

Lesandi gerir sér fljótt grein fyrir því að Katniss hefur ekki mikinn áhuga á að hugsa um útlit sitt. Fyrir sláttuna, þegar nöfn þeirra sem eiga að taka þátt í Hungurleikunum eru dregin út, er hefð fyrir því að börnin líti vel út og því leyfir Katniss móður sinni að greiða sér, baða sig og klæða sig í fallegan kjól. Þegar Katniss er tilbúin og horfir á sig í speglinum hrósar Prim henni og segir henni að hún sé „gullfalleg“. Katniss virðist þykja þetta óþægilegt og staðhæfir að hún sé ekkert lík sjálfri sér (19). Rétt eins og í tilviki Ellen Ripley og Sarah Connor er þetta í andstöðu við þá ímynd kvenna að þær hafi áhuga á útliti sínu. Einkenni Katniss eru einnig að mörgu leyti „karlmannlegri“ en hjá Peeta Mellark, stráknum sem keppir fyrir hennar umdæmi í Hungurleikunum. Peeta er mjög félagslyndur einstaklingur og kemur Katniss sífellt á óvart með einstakri góðmennsku, tilfinningasemi og fórnfýsi sem Katniss á í erfiðleikum með að finna rökrétta skýringu á. Þegar hún sér hann opinberlega gráta, rétt eftir að nafn hans hefur verið dregið út í sláttunni, hugsar hún: „Ég velti strax fyrir mér hvort þetta verði herbragðið hans í Leikunum. Hvort hann ætli að virðast veikburða og óttasleginn til að hin framlögin haldi að þeim stafi engin hætta af honum en láta svo til skarar skríða þegar þau ugga ekki að sér (45).“ Þegar Katniss fylgist með Peeta gera góðverk sem hún sér enga rökrétta ástæðu fyrir kemst hún að þeirri niðurstöðu að ástæðan fyrir hegðun hans sé einfaldlega sú „að hann er góður (53).“ Þessi niðurstaða hræðir Katniss því hún gerir

---

<sup>67</sup> Suzanne Collins, *Hungurleikarnir*, þýð. Magnea J. Matthíasdóttir (Reykjavík: JPV útgáfa, 2012), 27. Hér eftir er vitnað til þessarar heimildar í meginmáli með blaðsíðutali í sviga.

sér grein fyrir að góðhjartað fólk, rétt eins og Prim, eina manneskjan sem hún segist elska, eiga það til að „smokra sér inn í [hana] og festa þar rætur (53).“

Katniss og Peeta eru færð til Capítól ásamt Haymitch, þjálfara þeirra og fyrrum sigurvegari Hungurleikana, og Effie Trinket, undarlegri fylgdarkonu þeirra, sem er fædd og uppalin í Capítól. Í borginni er útlit Katniss tekið í gegn. Líkamshár hennar eru fjarlægð, henni til mikils ama, og snyrtifræðingarnir hafa orð á því að hún sé „bara svo loðin (65).“ Hún hittir í framhaldi aðalstílista sinn Cinna sem hannar búninga fyrir þeirra umdæmi. Hann minnir Katniss á mikilvægi þess að vera eftirminnileg á skjánum og afla sér vinsælda. Vinsældir meðal hinna ríku íbúa Capítól er mikilvægur hluti af Hungurleikunum þar sem meðal þeirra eru styrktaraðilar sem geta sent keppendum hjálpartæki eins og vopn, lyf eða mat. Cinna hannar því fyrir Katniss og Peeta fallegan svartan samfesting sem er baðaður gervi eldi, í stað hins venjulega námumansbúning, sem á að endurspegla umdæmi þeirra sem sérhæfir sig í námugreftri. Katniss og Peeta eiga að klæðast samfestingnum rétt áður en þau eru kynnt fyrir íbúum Kapítól. Áður en Katniss er send af stað minnir Cinna hana á að bera sig vel og brosa, til að heilla sem flesta áhorfendur og fullvissar hana um að áhorfendurnir muni verða stórhrifnir af henni. Þetta virðist vera rétt, því þau Peeta fá gríðarlega athygli frá áhorfendum enda er búningur þeirra mest áberandi af öllum keppendum. Athyglin kveikir hjá Katniss von um að hún geti lifað Hungurleikana af. „Einhver styrktaraðili hlýtur að vilja styðja mig! Og ef ég fengi dálitla aukahjálp, einhver matvæli, réttu vopnin, því skyldi ég þá telja mig úr leik? (74).“ Í kjölfarið breytir Katniss hegðun sinni og setur upp eins konar leikrit sem heillar áhorfendur enn meira. Hún grípur rós sem kastað er frá áhorfendum, lyktar finlega af henni og sendir áhorfendum fingurkoss. „Hundrað hendur teygja sig upp til að grípa kossinn frá mér, eins og hann væri raunverulegur og áþreifanlegur. „Katniss! Katniss“ Ég heyri nafn mitt kallað úr öllum áttum. Allir vilja kossana mína (74).“

Hegðun Katniss minnir á grein Joan Riviere um kvenleikann sem grímuleik. Rétt eins og skjólstæðingar Riviere breytir Katniss hegðun sinni viljandi og notar kynferði sitt til að heilla áhorfendur, sérstaklega karlmennina, og fá þá til að líka vel við sig. Katniss sem hingað til hefur haldið á lofti einkennum sem tengjast karlmennsku, setur hér upp eins konar „grímu kvenleikans“ sem gerir hana í kjölfarið meira aðlaðandi fyrir karlkyns styrktaraðila. Katniss neyðist til þess að halda þessum grímuleik áfram í gegnum söguna og notar þá framkvæmd kyngervisins bókstaflega sem hernaðarbragð til þess að lifa af,

líkt og Judith Butler talaði um. Hún endar þó á að leiða Panem í uppreisn gegn misréttinu sem þar ríkir sem leiðir að lokum til frelsis og jafnréttis í landinu.

Aðalsöguhetja þrileiksins *Afbrigði* (2014) eftir Veronica Roth vakti, líkt og Katniss Everdeen, mikla athygli sem dæmi um „sterka“ kvenpersónu.

Líkt og í sögunni um Hungurleikana gerist *Afbrigði* í „dystópískri“ framtíð þar sem heiminum hefur verið rústað eftir styrjaldir manna. Þjóðfélagið í Chicago hefur verið lokað af og borginni verið skipt í fimm fylki eftir sérstökum gildum sem hvert fylki tileinkar sér. Við sextán ára aldur þurfa einstaklingar að taka ákvörðun um hvaða fylki þeir eiga að tilheyra eftir því hvaða lífsgildi þeir telja mikilvægust. Íbúar fylkjanna halda á lofti þeim eiginleikum sem þeir telja að hefðu getað komið í veg fyrir styrjöldina sem lagði umhverfið í rúst. Fylkið Bersögli leggur áherslu á hreinskilni, Ósérplægni leggur áherslu á óeigingirni, Samlyndi leggur áherslu á góðmennsku, Fjölvísi leggur áherslu á gáfur og Hugprýði leggur áherslu á hugrekki. Fylkin eru jafnframt ósammála um það hvort það voru lygar, eigingirni, illska, heimska eða hagleysi sem ollu styrjöldinni. Áður en táníngarnir taka ákvörðun um hvaða fylki þeir velja sér til frambúðar eru þeir settir í hæfnispróf sem á að leiða í ljós hvaða fylki þeir passa inn í. Ef þeir passa í fleiri en eitt fylki eru þeir skráðir sem Afbrigði og eru ýmist teknir af lífi eða er afneitað úr samfélaginu. Í sögunni fæðist Tris Prior, aðalsöguhetjan, í Ósérplægni en kemst að því á prófdeginum, þegar hún á að ákveða framtíðarfylki sitt, að hún er Afbrigði og fær niðurstöður sem passa við þrjú fylki: Ósérplægni, Hugprýði og Fjölvísi. Prófdómarinn felur niðurstöðurnar og varar Tris við að segja öðrum frá þeim og Tris ákveður í kjölfarið að yfirgefa fjölskyldu sína og fara yfir í Hugprýði sem hún telur vera skemmtilegasta og ævintýralegasta fylkið. Það kemur þó í ljós að Hugprýði er ekki eins frábært og Tris taldi í fyrstu. Lífið í Hugprýði snýst um að sýna hugrekki í öllum aðstæðum. Ef þú gerir það ekki er engin miskunn veitt. Ef fólk sýnir merki um veikleika er það rekið úr fylkinu og verður þá fylkislaust en þeir fylkislausu eiga hvergi heima og búa í fátækt í rústum Chicago-borgar. Þegar Tris kemur fyrst í Hugprýði hefur hún mikið fyrir því að bæla niður tilfinningar sínar. Henni bregður þó þegar hún liggur í rúminu og heyrir stærsta og þreknasta nýliðann, Al, gráta sig í svefn við hliðina á henni. Þar sem Tris er alin upp í Ósérplægni veit hún að hún ætti að hugga hann en í staðinn finnur hún til fyrirlitningar. „Manneskja sem lítur út fyrir að vera svona sterk ætti ekki að sýna slíkan veikleika. Af

hverju getur hann ekki bara grátið í hljóði eins og við hin?<sup>68</sup> Tris virðist lenda í innri rökræðum við sjálfa sig en endar á því að hunsa lífviðhorf Ósérplægni og setur koddann fyrir eyrun til að heyra ekki grátinn. „Enginn þarf að vita að ég vil ekki hjálpa honum. Ég get haldið því alveg leyndu (80).“ Dyggðirnar sem Hugprýði heldur á lofti tengjast að mörgu leyti karlmennsku-skalanum sem Robert Brannon setti fram. Einkenni sem teljast vera „kvenleg“ eru bæld niður og fólk gerir allt til þess að sanna velgengni sína, verða „stórlaxar“ innan fylkisins, fela tilfinningar, sýna dirfsku sína og er fljótt að grípa til ofbeldis. Í fyrstu gengur Tris sérlega vel að sanna sig fyrir Hugprýði og fær háa einkunn í þjálfunarbúðum sem Hugprýði hefur sett upp. Á sama tíma reynir hún að bæla niður allt það sem hún álítur veikleikamerki í fari sínu, svo sem fórnfýsi og góðmennsku. Hún kemst þó fljótt að því að það er oftast fórnfýsin og góðmennskan sem fær hana til að sýna mesta hugrekkið og hún hlýtur, í lok þjálfunarinnar, hæstu einkunn allra nýliðanna. Þetta verður henni til vandræða og aðrir nýliðar, sérstaklega karlmennirnir fara að öfunda hana. Nokkrir nýliðarnir ganga svo langt að taka hana höndum og beita hana ofbeldi, pína hana og þreifa á henni kynferðislega til að niðurlægja hana. Í kjölfar árásarinnar ráðleggur Fjarki, vinur hennar og ástarviðfang í Hugprýði, henni að sýna veikleikamerki, „Jafnvel þótt þau séu tóm uppgerð“. Tris spyr þá hneyksluð: „Finnst þér eins og ég eigi að *þykjast* vera berskjölduð?“ (292, skáletrun upprunaleg). Hún trúir honum í framhaldi fyrir því að nýliðarnir hafi áreitt hana kynferðislega og er í kjölfarið ráðlagt að einblýna frekar á öryggi sitt heldur en að sækja rétt sinn. Eins og Katniss neyðist Tris því til að setja upp „grímu kvenleikans“ til að komast hjá refsingu karlmanna. Hún þykist vera veikburða, ýkir sársauka sinn og forðast augnaráð árásmanna sinna. Rétt eins og Katniss hugsar Tris öðruvísi en aðrir í kringum hana og skapar því hættu fyrir yfirvöldin sem vilja hafa algjöra stjórn á fólkinu. Tris notar þess vegna grímuleikinn til þess að fela hugsunarhátt sinn sem verður kveikjan af uppreisn innan Chicago. Grímuleikurinn er yfirleitt fyrsta vopnið sem Tris grípur til þegar hún brýtur reglur yfirvalda Chicago. Í eitt skiptið fer hún, ólöglega, yfir í annað fylki og er í kjölfarið ásökuð, af Hugprýðisforingjanum Eric, um svik við Hugprýði. Hún leikur þá hlutverk „stelpukjána“, stingur höndunum í vasann, verður niðurlút, kallar fram tár og þykist hafa reynt að kyssa Fjarka sem hefði afneitað

---

<sup>68</sup> Veronica Roth, *Afbrigði*, þýð. Magnea J. Matthíasdóttir, Divergent, 1. (Reykjavík: Björt, 2014), 80. Hér eftir er vitnað til þessarar heimildar í meginmáli með blaðsíðutali í sviga.

henni. Hún hefði skammtast sín svo mikið fyrir athæfið að hún hefði ákveðið að yfirgefa fylkið. Þetta sannfærir Eric og hann hættil að líta á Tris sem ógn, hlær að henni og leyfir henni að fara (370). „Gríma kvenleikans“ bjargar henni þannig frá refsingu.

Síðar í sögunni verður ljóst að það er samfélag handan veggjarins í kringum Chicago-borg en mannkynið hefur nánast eyðilagt heiminn með styrjöldum. Chicago-borg var lokuð af og fylkin skipulögð sem tilraun til þess að finna aftur siðgæðisvitund mannkynsins sem það hafði misst. Fólk með þessa siðgæðisvitund er með getu til að nota fleiri en einn eiginleika til að taka ákvarðanir. Þau eru kölluð Afbrigði og mun tilraunin hafa heppnast þegar Afbrigði eru farin að koma fram í borginni. Þrátt fyrir þessa nýju vitneskju helst spillingin áfram í Chicago, og Tris lærir að nota alla eiginleika sína til að frelsa íbúa Chicago-borgar undan hömlum ríkistjórnarinnar og endar á að fórna lífi sínu fyrir fólkið. Þess má geta að fylkin sem valda mestum skaða eru fylkin sem kjósa eiginleika sem tengdir eru við „karlmennsku“: Hugprýði og Fjölvísi. Þau fylki sem kjósa eiginleika sem tengdir eru við „kvenleika“, Ósérplægni og Samlyndi, eru hins vegar sýnd í mun jákvæðari ljósi. Boðskapur sögunnar virðist þó einblýna á mikilvægi þess að jafnvægi ríki á vissum eiginleikum mannkynsins, bæði þeim sem tengdir eru við „karlmennsku“ og „kvenleika“.

Báðar kvenhetjurnar Katniss Everdeen og Tris Prior koma fram snemma á 21. öldinni og eiga margt sameiginlegt. Ólíkt flestum forverum þeirra sem flokkast geta sem „harðar“ eða „karlmannlegar“ kvenhetjur eru þær báðar skrifaðar af konum. Báðar eru þær greindar sem ISTP manngerðin og falla að mörgu leyti meira að karlmannlegum staðalímyndum en kvenlegum.<sup>69</sup> Katniss Everdeen, sem kom fram á undan Tris Prior, afneitar þó í meira mæli þeim eiginleikum sem teljast vera „kvenlegir“. Flestar aðrar kvenpersónur í *Hungurleikunum* bera einkenni sem samfélagslega eru talin kvenleg og eru jafnframt sýnd í fremur neikvæðu ljósi. Sem dæmi er móðir Katniss óvirk og tilfinningalega viðkvæm, Effie Trinket er yfirborðskennd og órökvís og Prim er ósjálfbjarga og saklaus. Þar að auki eru nánast allar fyrirmyndir, leiðbeinendur og nánir vinir Katniss karlmenn og það er helsti óvinur hennar Snow forseti einnig. Tris Prior er hér á margan hátt ólík Katniss. Hún byrjar vissulega á því að líta á „kvenlega“ eiginleika

---

<sup>69</sup> Sjá: Funkymbtiinfiction, „Divergent: Beatrice “Tris” Prior [ISTP]“, Tumblr færsla, 24. apríl 2015, <https://funkymbtiinfiction.tumblr.com/post/117268148710/divergent-beatrice-tris-prior-istp> og Zombiesruineverything, „MBTI: Katniss Everdeen - ISTP“, Tumblr færsla, 11. nóvember 2013, <https://zombiesruineverything.com/2013/11/11/mbti-katniss-everdeen-istp/>.



móður sinnar í Ósérplægni sem veikleika en endar á að líta á hana sem sína helstu fyrirmynd. Aðrar fyrirmyndir hennar eru bæði kvenkyns og karlkyns, hún á nána vinkonu og helsta illmenni sögunnar og einhverjir áhrifaríkustu leiðtogar sögunnar eru konur.

Ungur markhópur sagnanna og staða þeirra sem meginstraums-skáldskapur gefa vísbendingu um að kvenkyns aðalsöguhetjur í fantasíu- og vísindaskáldskap séu orðnar viðurkenndari í nútímanum en þær voru áður fyrir. Þó má benda á að hin mikla umræða sem fylgt hefur þessum persónum gefur til kynna að samfélagið líti enn á kvenkyns aðalsöguhetjur sem frávik frá almennu reglunni: að aðalsöguhetjan í þessum greinum sé karlkyns. Sú staðreynd að bæði *Hungurleikarnir* og *Afbrigði* voru kvikmyndaðar af stórfyrirtækjum gæti einnig vísað til breytinga á viðhorfi bæði almennings og stórfyrirtækja ef marka má orð kvikmyndaframleiðandans Mike White. Það vekur þó einnig spurningar hvort ástæðan fyrir vinsældum þessara sagna gæti tengst því að aðalsöguhetjurnar líti út fyrir að vera „á hinu karlmannlega sviði“. Hvernig sem á það er lítið er ljóst að bæði Katniss og Tris hafa rutt brautina fyrir fleiri kvenkyns aðalsöguhetjur. Velgengni bæði Suzanne Collins og Veronica Roth innan fantasíu- og vísindaskáldskapar greinanna er einnig hvatning fyrir kvenrithöfunda, til að skapa fleiri og fjölbreyttari kvenkyns aðalsöguhetjur.

## 5. Nýju kvenhetjurnar: Rey og nýja Undrakonan (2015-)

Árið 2015 kom út framhald af einni vinsælustu kvikmyndaseríu í heimi, *Stjörnustríði* (e. *Star Wars*) undir nafninu *Star Wars: The Force Awakens*, í leikstjórn J. J. Abrams.

Söguþráður *Stjörnustríðs*-seríunnar hefur hingað til snúist að mestu leyti um karlmenn en aðalsöguhetjur fyrstu (1977-1983) og seinni (1999-2005) *Stjörnustríðs*myndanna voru Logi Geimgengill og Anakin Geimgengill en báðir voru þeir útvaldir af mætti alheimsins (e. the Force) til að verða Jedi riddarar.

Lilja Prinsessa, tvíburasystir Loga Geimgengils, vakti þó gríðarlega athygli á þeim tíma sem fyrstu *Stjörnustríðs*myndirnar komu út. Þrátt fyrir að vera ekki aðalsöguhetja kvikmyndanna er Lilja mikilvæg aðalpersóna og var ólík flestum öðrum kvenpersónum sem áður höfðu komið fram á þeim tíma. Lilja var að mörgu leyti mun harðari af sér en Jedi riddarinn bróðir hennar og mun ákveðnari og alvarlegri kvenpersóna en venjan var á þeim tíma. Þrátt fyrir þetta var hún yfirleitt í fylgd með karlmönnum og fékk minni tíma í sviðsljósinu en þeir. Aðalsöguhetjan í *The Force Awakens* er hins vegar unga konan og skransafnarinn Rey, leikin af Daisy Ridley, sem elst upp foreldralaus á eyðimerkurplánetunni Jakku og virðist, líkt og Logi og Anakin, útvalin af mættinum til að verða Jedi riddari.

Áhugafólk um persónuleikagreiningar virðast hafa ákaflega mismunandi skoðanir á persónuleika Rey en hún er ýmist greind sem ISTP eða önnur andstæð persónugerð sem leiðist fyrst og fremst af innhverfu tilfinningamati.<sup>70</sup> Rey hefur fengið misgóðar viðtökur frá áhorfendum og gagnrýndum og þó að margir hafi hrósað henni yfir að fá loks „sterka“ konu sem aðalsöguhetju í *Stjörnustríðs*mynd hafa margir gagnrýnt persónuleikaeinkenni Rey. Algengasta gagnrýnin er sú að Rey sé óraunsæ, of fullkomin, of hörð og of hæfileikarík. Jafnframt hefur hún verið kölluð „Mary-Sue“ persóna en það uppnefni á uppruna sinn að rekja til aðdáendaspuna (e. fanfiction) þar sem illa mótaðar og grunnar kvenpersónur fara fremst í flokki.<sup>71</sup> Þessar umræður gagnýnir kvikmyndagagnrýnandinn Tasha Robinson í grein í vef tímaritinu *The Verge*. Þar fullyrðir

---

<sup>70</sup> Sjá: Tim Schwab, „ISTP Profile: Rey (Solo/Skywalker?)“, *Applaudience* (blogg), 29. apríl 2016, <https://medium.com/applaudience/istp-profile-rey-solo-skywalker-e9ca0401d8b7>. og

Funkymbtiinfiction, „Star Wars: The Force Awakens: Rey [ISFP]“, Tumblr færsla, 24. desember 2015, <https://funkymbtiinfiction.tumblr.com/post/135851411396/star-wars-the-force-awakens-rey-isfp>.

<sup>71</sup> Tasha Robinson, „With Star Wars’ Rey, we’ve reached Peak Strong Female Character“, *The Verge*, 19. desember 2015, <https://www.theverge.com/2015/12/19/10626896/star-wars-the-force-awakens-rey-mary-sue-feminist>.

hún að Rey sé merki um að þróun „sterkra“ kvenhetja í skáldskap sé að ná hámarki.<sup>72</sup> Robinson bendir á að hin mikla gagnrýni sem Rey hefur orðið fyrir sé gott dæmi um að fólk er töluvert dómharðara á kvenpersónur en karlpersónur. Hún hvetur fólk í kjölfarið til að gefa „sterkum“ kvenpersónum eins og Rey jafn mikið rými og aðrar dæmigerðar og „ofur-fullkomnar“ karlhetjur.

Í *The Force Awakens* kynnast áhorfendur Rey sem tæknisnillingi sem hefur gríðarlegan áhuga á hvers kyns vélum, er fljót að leysa vandamál og læra nýja hluti. Rey nær sérstakri tengingu við Han Solo, hetju fyrri myndanna, sem yfirleitt er greindur sem ISTP manngerðin<sup>73</sup>, enda eiga þau margt sameiginlegt. Þau eru bæði tæknilegir snillingar og með náttúrulega kunnáttu til að bjarga sér. Rey er þó ólík Han Solo að því leyti að hún er bæði mun alvarlegri en hann og í nánari tengslum við tilfinningar sínar. Áhorfendur sjá hana aldrei beinlínis afneita tilfinningum sínum eða gera lítið úr þeim, líkt og Han Solo er þekktur fyrir að gera bæði í fyrri Stjörnustríðsmyndunum og *The Force Awakens*. Ólíkt Han Solo er Rey með mjög fyrir fram ákveðnar hugmyndir um hvað sé rétt og rangt og virðist oft tilbúnari að fylgja hjartanu heldur en hreinni röksemdarfærslu eða þörf til að lifa af. Hún er til að mynda afskaplega staðföst í að koma vélmenninu BB-8 heim til sín, er ekki tilbúin að selja það fyrir fúlgju fjár og verður stórhneyksluð þegar Finn, önnur aðalpersóna sögunnar, ætlar að flýja burt áður en þau ná að skila honum. Þetta er í mikilli andstæðu við þá mynd sem er sett upp af Han Solo í fyrri Stjörnustríðsmyndum þar sem hann er sjálfhverfur og hrokafullur glaumgosi. Rey er að vísu stolt af hæfileikum sínum og er fljót að sýna hvað hún kann en hún ber aldrei merki um beinan hroka og er alltaf tilbúin að fórna sér fyrir aðra í kringum sig. Ólíkt bæði Katniss og Tris virðist Rey þar að auki aldrei neyðast til þess að fela „karlmannlega“ hæfileika sína á bak bið „grímu kvenleikans“ og hún er fljót að leiðrétta karlmenn sem dæma hana út frá kyni hennar.

Rétt eins og Tasha Robinson gefur til kynna í fyrrnefndri grein sinni bendir margt til þess að Rey, hversu umdeild sem hún kann að vera, sé merki um framfarir „sterkra“ kvenpersóna í fantasíu- og vísindaskáldskap. Einnig ber persónuleiki hennar merki um aukna fjölbreytni meðal aðalsöguhetja í fyrrnefndum greinum þar sem hún er oft greind sem tilfinningavera.

---

<sup>72</sup> Robinson.

<sup>73</sup> Zombiesruineverything „MBTI: Han Solo - ISTP“, Tumblr færsla, 21. apríl 2015, <https://zombiesruineverything.com/2015/04/21/mbti-han-solo-istp/>.

Árið 2017 kom út ein langþráðasta ofurhetjumynd síðustu ára, *Wonder Woman*, í leikstjórn Patty Jenkins. Umræður um útgáfu stórmyndar um Undrakonuna höfðu verið á sveimi í meira en áratug, en árið 2006 kom fyrst tilkynning frá stórfyrirtækinu Warner Bros um að Josh Whedon, sem þekktur er fyrir leikstjórn á sjónvarpsþáttunum *Buffy the Vampire Slayer*, myndi leikstýra myndinni. Þeirri útgáfu var þó aflýst af hagkvæmnisástæðum en framleiðendum þótti myndin vera of mikil áhætta og ólíkleg til vinsælda enda höfðu þær fáu kvenofurhetjumyndir, sem gefnar voru út í kringum árið 2000, gengið ákaflega illa.<sup>74</sup>

Í bók sinni *Dangerous Curves* (2011) talar Jeffrey A. Brown um að óvinsældir fyrri kvenofurhetjumynda hafi ekki stafað af kynferði aðalsöguhetjanna heldur af því hversu lítil áhersla var lögð á persónusköpun þeirra og söguþráð myndanna. En samkvæmt Brown hafði aðaláherslan alltaf verið á kynþokka og útlit kvenhetjanna fremur en söguþráð.<sup>75</sup> Brown spáði því að stórmynd um Undrakonuna myndi aðeins líta dagsins ljós eftir að sterkar og vel skrifaðar kvenhetjur væru orðnar algengari og meira áberandi í vinsælum skáldskap.<sup>76</sup> Það má með sanni segja að Brown hafi hér verið sannspár en stórmyndin *Wonder Woman* markaði mörg þáttaskil í kvikmyndasögunni. Undrakonan er fyrsta kvenofurhetjan í nýjustu kvikmyndaseríunum, sem byggja á myndasögum Marvel og DC, til að fá eigin bíómynd og *Wonder Woman* er einnig fyrsta ofurhetjumyndin í útgáfu stórfyrirtækja sem er leikstýrt af konu.

Kvikmyndin byggir að miklu leyti á hugmyndum sálfræðingsins William Marston, sem skapaði myndasögupersónuna Undrakonuna árið 1941, þó að töluverðar breytingar hafi verið gerðar á upprunalegu sögunni. Líkt og í myndasögu Marston fjallar sagan um Díönu amasónu-prinsessu og baráttu hennar til að binda enda á seinni heimstyrjöldina. Sem barn dreymir Díönu, líkt og Jóvini, um að verða hetja en móðir Díönu, amasónu-drottningin, Hippolyta, varar Díönu við því að sækjast í stríð og bardaga og kennir henni að það sé ekki bardagahæfni sem geri fólk að hetjum. Þessi orð endurspeglar viðhorf Díönu í sögunni því hún notar krafta sína og bardagatækni einungis til að bjarga öðrum.

---

<sup>74</sup> Brown, *Dangerous Curves*, 234.

<sup>75</sup> Brown, 244.

<sup>76</sup> Brown, 246.

Diana er gjörólik þeim „karlmannlegu“ kvenhetjum sem hér hafa verið skoðaðar en hún lætur fyrst og fremst stjórnast af tilfinningamati og persónulegum gildum fremur en rökhugsun og er yfirleitt alltaf greind sem úthverf tilfinningavera út frá vitsmunaverkfærakenningu Jung.<sup>77</sup> Hún er stolt af kvenlegum einkennum sínum sem sýnd eru í jákvæðu ljósi og bælir þau ekki niður á nokkurn hátt. Það kemur þó ekki í veg fyrir að hún taki illmennin í karphúsið og bjargi heiminum. Þó að flestir áhrifamenn innan kvikmyndaheimsins hafi tekið *Wonder Woman* kvikmyndinni og framsetningu Undrakonunnar fagnandi voru sumir ósammála því að áhrif hennar væru jákvæð. Leikstjórinn James Cameron, sem leikstýrði meðal annars *Terminator*-seríunni og *Aliens*, sem fengu verðskuldaða athygli fyrir áhrifaríku kvenhetjurnar Sarah Connor og Ellen Ripley, fór ekki leynt með skoðun sína á Undrakonunni sem kvenhetju. Cameron fullyrta að Undrakonan væri ekki annað en hlutgerð tákmynd og að kvikmyndin væri aðeins endurtekning á gömlum venjum karlavelðisins í bandaríska kvikmyndaiðnaðinum og væri því skref aftur á bak. Hann minntist í kjölfarið á sína eigin persónu, Sarah Connor, sem dæmi um það hvernig raunveruleg „sterk“ kvenkyns aðalsöguhetja ætti að vera: „Sarah Connor var ekki ímynd fegurðar. Hún var harðskeytt, í ójafnvægi, var hræðileg móðir og hún öðlaðist virðingu áhorfenda með hreinni seiglu.“<sup>78</sup>

Leikstjóri *Wonder Woman*, Patty Jenkins, svaraði Cameron þó fullum hálsi á *Twitter* með eftirfarandi orðum:

Sterkar konur eru frábærar [...] En ef konur þurfa alltaf að vera harðskeyttar, seigar og eiga við erfiðleika að stríða til að kallast sterkar, og við [konur] höfum ekki frelsi til að vera margvíðar eða að fá að lofsyngja tákmynd sem er fulltrúi fyrir konur hvarvetna bara vegna þess að hún er aðlaðandi og kærleiksrík, þá erum við nú ekki komin langt áfram. Ég trúi því að konur geti og ættu að vera ALLS KONAR, rétt eins og karlkyns aðalsöguhetjur ættu að vera. Það er engin rétt eða röng gerð af kraftmikilli konu.<sup>79</sup>

<sup>77</sup> Funkymbtiinfiction, „Wonder Woman (2017): Diana Prince [ESFP]“, Tumblr færsla, 5. júní 2017, <https://funkymbtiinfiction.tumblr.com/post/161468789104/wonder-woman-2017-diana-prince-esfp>.

<sup>78</sup> Hadley Freeman, „James Cameron: ‘The Downside of Being Attracted to Independent Women Is That They Don’t Need You’“, *The Guardian*, 24. ágúst 2017, <https://www.theguardian.com/film/2017/aug/24/james-cameron-well-never-be-able-to-reproduce-the-shock-of-terminator-2>. (Þýð. höf.).

<sup>79</sup> Patty Jenkins, „Twitter færsla“, Twitter, *PattyJenks* (blogg), 8. ágúst 2017, 4:08 PM, [pic.twitter.com/8zkJXHLCJW](https://pic.twitter.com/8zkJXHLCJW). (Þýð. höf.).

Líkt og Jenkins bendir á ætti fjölbreytni og jafnrétti að vera eitt aðalmarkmiðið í framþróun kvenpersónunnar sem aðalsöguhetju. Ljóst er að ekki er hægt að finna einfalt svar við því hver stefna kvenhetjunnar í karllægum greinum verður í komandi framtíð. Það er þó ljóst að miklar framfarir hafa orðið í heimi fantasíu- og vísindaskáldskapar á síðastliðnum árum og margt bendir til þess að fjölbreytni kvenpersóna í aðalhlutverki, í fyrrnefndum greinum, sé að aukast.

## Lokaorð

Það er ljóst að svokallaðar „harðar“ og „sterkar“ kvenpersónur hafa fengið byr undir báða vængi á síðastliðnum árum og áratugum í fantasíu- og vísindaskáldskap og eru kvenpersónur í mun meira mæli að koma fram sem aðalsöguhetjur í þessum greinum. Þó að þróun þessi sé óneitanlega merki um róttæka breytingu á stöðluðum kynhlutverkum og sé mikil framför frá þeirri staðalímynd sem hefur viðgengist frá upphafi skáldskaparins, að konur séu nánast eingöngu óvirkar og tilfinninganæmar aukapersónur sem eru karlmönnum háðar, þá er ekki hægt að neita því að enn ríkir mun minni fjölbreytni meðal kvenpersóna en karlpersóna. Fólki af báðum kynjum virðist jafnan mun dómharðara þegar kemur að kvenpersónum og hefur mikla skoðun á því hvað einkenni „sterkar“ kvenpersónur. Vinsældir kvenpersóna virðast jafnframt endurspeglast í því hversu „harðar“ þær eru og hversu vel þær falla að ríkjandi karlmenskukröfum. Þannig eru þær oft keimlíkar en hægt er að greina margar þeirra sem sömu manngerðina út frá MBTI persónuleikakenningunni. Þær eru yfirleitt innhverfar að skapgerð, leggja áherslu á rökhugsun fremur en tilfinningamat, eru miklir gerendur og fljótar að grípa til ofbeldis. Þannig virðast þær fremur bera einkenni sem tengd eru við „karlmennsku“ fremur en „kvenleika“. Kvenpersónur sem ekki falla að þessum einkennum virðast, hingað til, hafa verið ólíklegri til að afla sér vinsælda í skáldskap. Þessar „hörðu“ og „karlmannlegu“ kvenhetjur eru þrátt fyrir þetta ákaflega umdeildar.

Það má þó greina merki um að fjölbreytni meðal kvenpersóna í aðalhlutverkum sé að aukast í fantasíu- og vísindaskáldskap. Konur hafa á síðastliðnum árum farið að hafa meiri áhrif innan greinanna og fjölbreyttari kvenhetjur eru farnar að koma fram.

Ég, sem verðandi bókmenntafræðingur og kona, vona að kvenpersónur og kvenhetjur af öllum gerðum og persónuleikatýpum verði meira áberandi sem aðalsöguhetjur í fantasíu- og vísindaskáldskap í framtíðinni og vænti þess að lesendur og áhorfendur opni hugann enn frekar gagnvart kvenpersónum. Framar öllu öðru vona ég að jafnrétti muni í framtíðinni ríkja bæði í skáldskap sem og í raunveruleikanum.

## Heimildaskrá

### Fræðiefni

- Árelía Eydís Guðmundsdóttir. *Á réttri hillu: leiðin til meiri hamingju í lífi og starfi*. Reykjavík: Veröld, 2011.
- Bortolussi, Marisa, Peter Dixon, og Paul Sopčák. „Gender and reading“. *Poetics* 38, tbl. 3 (1. júní 2010): 299–318. <https://doi.org/10.1016/j.poetic.2010.03.004>.
- Brown, Jeffrey A. *Dangerous Curves: Action Heroines, Gender, Fetishism, and Popular Culture*. Jackson: University Press of Mississippi, 2011. Kindle.
- Butler, Judith. *Gender Trouble: Feminism and the Subversion of Identity*. New York: Routledge, 1999.
- . „Performative Acts and Gender Constitution: An Essay in Phenomenology and Feminist Theory“. *Theatre Journal* 40, tbl. 4 (desember 1988): 519. <https://doi.org/10.2307/3207893>.
- . *Undoing Gender*. New York ; London: Routledge, 2004.
- Hanley, Tim. *Wonder Woman Unbound: The Curious History of the World's Most Famous Heroine*. Chicago: Chicago Review Press, 2014. iBooks útgáfa.
- Inness, Sherrie A., ritstj. *Action Chicks: New Images of Tough Women in Popular Culture*. 1. útg. New York: Palgrave Macmillan, 2004. Kindle.
- Simone de Beauvoir. „Hitt kynið - Inngangur“. Í *Simone de Beauvoir, heimspekingur, rithöfundur, fémínisti*, ritstýrt af Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, þýddi Torfi H. Tulinius, 25–45. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum, Háskólaútgáfan, 1999.
- Jung, C. G. *The Collected Works of C.G. Jung: Complete Digital Edition*. Ritstýrt af Gerard Adler og R. F. C. Hull. B. 6. 19 b. Princeton University Press, 2014. Kindle.
- Kimmel, Michael S. *Guyland: The Perilous World Where Boys Become Men*. New York: HarperCollins-books, 2008. Kindle.
- Knight, Gladys L. *Female Action Heroes: A Guide to Women in Comics, Video Games, Film, and Television*. Santa Barbara, Calif: Greenwood, 2010.
- Riviere, Joan. „Womanliness as Masquerade“. Í *The Inner World and Joan Riviere: Collected Papers, 1920-1958*, ritstýrt af Athol Hughes. London ; New York: Karnac Books, 1991.
- Schubart, Rikke. *Super Bitches and Action Babes: The Female Hero in Popular Cinema, 1970-2006*. Jefferson, N.C: McFarland & Co, 2007. Kindle.
- Tolkien, J. R. R, og Christopher Tolkien. *The History of Lord of the Rings, Part 2: The Treason of Isengard*. London: HarperCollins, 1989.

### Kvikmyndir og skáldsögur

- Abrams, J.J., *Star Wars: The Force Awakens*. Plex Media Server. Walt Disney Pictures, Bandaríkin, 2015.



- Cameron, James. *The Terminator*. Plex Media Server. Orion Pictures, Santa Monica, Bandaríkin, 1984.
- Cameron, James. *Aliens*. Plex Media Server. 20th Century Fox, Bandaríkin, 1986.
- . *The Terminator*. Plex Media Server. Orion Pictures, Bandaríkin, 1984.
- . *The Terminator 2: Judgment Day*. Plex Media Server. TriStar Pictures, Bandaríkin, 1991.
- Collins, Suzanne. *Hungurleikarnir*. Þýð. Magnea J. Matthíasdóttir. Reykjavík: JPV útgáfa, 2012.
- Jenkins, Patty. *Wonder Woman*. Plex Media Server. Warner Bros. Pictures, Bandaríkin, 2017.
- Roth, Veronica. *Afbrigði*. Þýð. Magnea J. Matthíasdóttir. Divergent, 1. Reykjavík: Björt, 2014.
- Scott, Ridley. *Alien*. Plex Media Server. 20th Century Fox, Bandaríkin, 1979.
- Tolkien, J. R. R. *Hringadróttinssaga, 2. Tveggja turna tal*. Þýð. Þorsteinn Thorarensen. Reykjavík: Fjölvi, 2001.
- . *Hringadróttinssaga, 3. Hilmir snýr heim*. Þýð. Þorsteinn Thorarensen. Reykjavík: Fjölvi, 2001.

### Vefheimildir

- 16Personalities. „Virtuoso Strengths and Weaknesses“. Sótt 9. janúar 2018.  
<https://www.16personalities.com/istp-strengths-and-weaknesses>.
- . „Persónuleiki “Snillingur” (ISTP-A / ISTP-T)“. Sótt 12. janúar 2018.  
<https://www.16personalities.com/is/persónuleiki-istp>.
- Ásta Jóhannsdóttir, og Kristín Anna Hjálmarsdóttir. „Skaðleg karlmennska? Greining á bókinni Mannasiðir Gillz“. *Netla - vef tímarit um uppeldi og menntun*, 15. september 2011. <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/005/005.pdf>.
- Ellis, Samantha. „Why The Hunger Games’ Killer Katniss Is a Great Female Role Model“. *The Guardian*, 12. ágúst 2014.  
<https://www.theguardian.com/books/booksblog/2014/aug/12/why-hunger-games-killer-katniss-is-a-great-female-role-model>.
- Freeman, Hadley. „James Cameron: ‘The Downside of Being Attracted to Independent Women Is That They Don’t Need You’“. *The Guardian*, 24. ágúst 2017.  
<https://www.theguardian.com/film/2017/aug/24/james-cameron-well-never-be-able-to-reproduce-the-shock-of-terminator-2>.
- Fredrick, Candice, og Sam McBride. „Battling the Woman Warrior: Females and Combat in Tolkien and Lewis“. *Mythlore: A Journal of J.R.R. Tolkien, C.S. Lewis, Charles Williams, and Mythopoeic Literature* 25, tbl. 3 (15. apríl 2007).  
<https://dc.swosu.edu/mythlore/vol25/iss3/4/>
- Goodman, Stephanie. „More Women Were Protagonists in 2016 Movies“. *Movies. The New York Times*, 21. febrúar 2017.  
<https://www.nytimes.com/2017/02/21/movies/women-protagonists-movies-2016.html>.

- Jenkins, Patty. Twitter færsla. *PattyJenks* (blogg), 8. ágúst 2017, 4:08 PM. [pic.twitter.com/8zkJXHLCJW](https://pic.twitter.com/8zkJXHLCJW).
- Martin, Denise. „Mike White on Enlightened’s Tough Road to a Third Season and Why He Thinks Men Don’t Want to Watch Shows About Women“. *Vulture*, 27. febrúar 2013. <http://www.vulture.com/2013/02/mike-white-on-enlightened-tough-road-to-season-three.html>.
- McDougall, Sophia. „I hate Strong Female Characters“. *New Statesman*, 15. ágúst 2013. <https://www.newstatesman.com/culture/2013/08/i-hate-strong-female-characters>.
- Mlawski, Shana. „Are Male Characters More Likable Than Female Characters?“ *Overthinking It*, 28. júní 2010. <https://www.overthinkingit.com/2010/06/28/are-male-characters-more-likable-than-female-characters/>.
- „Myers Briggs Statistics“. Statistic Brain Institute. 24. september 2017. <https://www.statisticbrain.com/myers-briggs-statistics/>.
- „Original Research“. The Myers & Briggs Foundation. Sótt 12. janúar 2018. <http://www.myersbriggs.org/my-mbti-personality-type/mbti-basics/original-research.htm?bhcp=1>.
- Robinson, Tasha. „With Star Wars’ Rey, we’ve reached Peak Strong Female Character“. *The Verge*, 19. desember 2015. <https://www.theverge.com/2015/12/19/10626896/star-wars-the-force-awakens-rey-mary-sue-feminist>.
- Sellers, Calise. „Type Heroes: ISTP - The Weapons Specialist“. *A Little Bit of Personality* (blogg), 1. júlí 2013. <http://www.alittlebitofpersonality.com/type-heroes-istp-the-weapons-specialist/>.
- Storm, Susan. „Why ISTPs Make the Best Action Heroes“. *Psychology Junkie*, 3. september 2015. <https://www.psychologyjunkie.com/2015/09/03/why-istps-make-the-best-action-heroes/>.

### **Persónuleikagreiningar**

- Funkymbtinfiction. „Star Wars: The Force Awakens: Rey [ISFP]“. Tumblr færsla. 24. desember 2015. <https://funkymbtinfiction.tumblr.com/post/135851411396/star-wars-the-force-awakens-rey-isfp>.
- . „Alien: Ellen Ripley [INTJ]“. Tumblr færsla. 5. júní 2014. <https://funkymbtinfiction.tumblr.com/post/87902433713/alien-ellen-ripley-intj>.
- . „Divergent: Beatrice “Tris” Prior [ISTP]“. Tumblr færsla. 24. apríl 2015. <https://funkymbtinfiction.tumblr.com/post/117268148710/divergent-beatrice-tris-prior-istp>.
- . „The Terminator / The Sarah Connor Chronicles: Sarah Jeanette Connor / Reese [ISTP]“. Tumblr færsla. 2. september 2016. <https://funkymbtinfiction.tumblr.com/post/149840864096/the-terminator-the-sarah-connor-chronicles>.

- . „Wonder Woman (2017): Diana Prince [ESFP]“. Tumblr færsla. 5. júní 2017. <https://funkymbtifiction.tumblr.com/post/161468789104/wonder-woman-2017-diana-prince-esfp>.
- Laineth. „Eowyn is an ISTP“. *The Sea's song* (blogg), 5. ágúst 2017. <http://theseassong.blogspot.is/2017/08/eowyn-is-istp.html>
- Schwab, Tim. „ISTP Profile: Rey (Solo/Skywalker?)“. *Applaudience* (blogg), 29. apríl 2016. <https://medium.com/applaudience/istp-profile-rey-solo-skywalker-e9ca0401d8b7>.
- Zombiesruineverything. „MBTI: Han Solo - ISTP“. Tumblr færsla. 21. apríl 2015. <https://zombiesruineverything.com/2015/04/21/mbti-han-solo-istp/>.
- . „MBTI: Katniss Everdeen - ISTP“. Tumblr færsla. 11. nóvember 2013. <https://zombiesruineverything.com/2013/11/11/mbti-katniss-everdeen-istp/>.